

**SKOÐUN** Samfylkingin vill rjúfa þing þegar samið hefur verið um ESB-aðild, skrifar Árni Páll Árnason. **14**



**MENNING** Raftríóið Samaris hefur gert samning við útgáfufyrirtækið One Little Indian. **26**



**SPORT** Kári Kristján Kristjánsson segir nýjustu viðbrögð forráðamanna Wetzlar sorgleg. **22**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
9. apríl 2013
82. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Móri ákærður

Rapparinn Móri hefur verið ákærður fyrir að hafa elt Erp Eyvindarson um útvarpssvið 365 vopnaður hnífi og rafbyssu. **2**

**Ásælast ekki orkuauðlindir** Ísland mun halda óskertu eignarhaldi og yfirráðum yfir orkulindum sínum ef til ESB-aðildar kemur. **2**

**Kostar 240 milljarða** Kostnaður við fimmtungsniðurfærslu húsnæðislána nemur 240 milljörðum samkvæmt útreikningum Vísbendingar. **6**

**OR hættir við** Orkuveitan dregur sig út úr samstarfi um gerð Hrafnabjargavirkjunar. Fulltrúi minnihlutans í stjórn gagnrýnir þetta. **8**

# Framboðin fjórtán þurfa yfir 20.000 meðmælendur

Til þess að öll framboðin til þingkosninga nái markmiði sínu, þurfa næstum 23 þúsund kjósendur að skrá sig á meðmælalista. Alls bjóða fjórtán stjórnmálaflokkar fram og eru því tæplega 1.500 manns í framboði.

**2013**

Alls þurfa um 23 þúsund kjósendur, tæpur tíundi hver einstaklingur á kjörskrá, að skrá sig sem meðmælanda framboðslista til þess að öll framboð til komandi þingkosninga nái markmiðum sínum. Ellefu þeirra stefna að framboði í öllum sex kjördæmum, tvö í báðum Reykjavíkurkjördæmum og eitt framboð í öðru Reykjavíkurkjördæminu.

Frestur til að skila inn listum rennur út á hádegi á föstudag. Fullbúnir listar munu liggja fyrir eftir afgreiðslu landskjörstjórnar, í síðasta lagi á miðvikudaginn í næstu viku. Hver kjósandi má aðeins mæla með einu framboði, en sé sami meðmælandi hjá fleiri en einu framboði verður hann ekki talinn meðmælandi neins þeirra. Kjósandi getur ekki dregið stuðningsyfirlýsingu sína til baka eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

Framboðin munu væntanlega safna nokkuð fleiri undirskriftum en þau í raun þurfa til að hafa borð fyrir báru varðandi ógilda meðmælendur.

Hver framboðslisti skal skipaður tvöfalt fleiri frambjóðendum en sem nemur þingmönnum kjördæmisins, þannig að fyrir framboð á landsvísu þarf 126 frambjóðendur. Nái framboðin öll markmiðum sínum verða alls 1.496 einstaklingar í framboði, sem nemur um hálfu prósenti kjörgengra Íslendinga.

Þórhallur Vilhjálmsson, ritari landskjörstjórnar, segir í samtali við Fréttablaðið að allt stefni í mikið annríki, í ljósi fjölda framboða.

„Þetta er mjög skammur tími og það eru allir á nálum yfir því að þetta sé gerlegt," segir hann.

**- þj**

## Alþingi sker úr um annmarka

Lög kveða á um að framboðslistar þurfi að liggja fyrir ekki seinna en tíu dögum fyrir kjördag, miðvikudaginn 17. apríl að þessu sinni. Ef landskjörstjórn nær ekki að ljúka störfum og auglýsa lista fyrir þann tíma er ekki sjálfgefið að kosningarnar verði ógildar, að sögn Þórhalls Vilhjálmssonar.

„Þá reynir á það hvort annmarki sé slíkur að hann eigi að hafa áhrif á gildi kosninganna. Það verður Alþingi sem sker úr um það á endanum."




**14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 7 |
| Akureyri | -1° | NA | 4 |
| Egilsstaðir | -1° | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | A | 2 |
| Reykjavík | 3° | NV | 3 |

**SNJÓKOMA N-TIL** Gengur smám saman í fremur stífa norðaustanátt með ofankomu fyrst norðvestan til. Frost 0-8 stig en 0-5 stiga hiti suðvestan lands. **4**

### 2 SÉRBLÖÐ

Sumardekk & bílar | Fólk






**JÁRNFRÚIN ÖLL** Eina konan sem hefur gegnt embætti forsætisráðherra Bretlands, Margaret Thatcher, lést í gær. Járnfrúin, eins og hún var oft kölluð, leiddi Bretland á miklum róstutímum. Búið var að leggja blómsveiga og ævisögu fyrir utan íbúð hennar í London í gær. **Sjá síðu 6** NORDICPHOTOS/AFP

Tíu látist í fangelsi frá 1993:

## Sjö fangar hafa svipt sig lífi

**FANGELSISMÁL** Sjö fangar hafa framið sjálfsvíg innan veggja íslenskra fangelsa á síðustu tveimur áratugum, þar af þrír árið 1998. Þrír fangar hafa látist á sama tímabili af öðrum orsökum.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir brýnt að brugðist verði við þeim vanda sem yfirvöld standi frammi fyrir vegna sakhæfra, veikra fanga.

Ýmis úrræði eru á teikniborðinu, að sögn ráðherra, en vonast er til að fangelsið á Hólmsheiði þoki málum áfram; með auknu rými verði auðveldara að kljást við vandamál einstakra fanga. Íslensk fangelsismála- og heilbrigðisyfirvöld hafa lengi kallað eftir sértæku úrræði fyrir geðsjúka fanga sem þó hafa verið metnir sakhæfir. **- sv, shá / sjá síðu 4**






Sautján ára fórnarlamb nauðgunar á Húsavík var úthrópað í samfélaginu:

# Presturinn biðst afsökunar

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég get ekki tjáð mig um einstök atriði úr okkar samtali því eðli málsins samkvæmt er ég bundinn þagnarskyldu. Ég rengi þó ekki orð hennar," segir Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík.

Í Kastljósi í gærkvöldi var rætt við Guðnýju Jónu Kristjánsdóttur, sem var nauðgað á Húsavík árið 1999 þegar hún var sautján ára. Málið setti bæjarfélagið á annan endann og skiptust bæjarbúar í fylkingar ýmist með eða á móti gerandanum sem þó var dæmdur sekur. Í viðtalinu greinir Guðný Jóna frá því hvernig sumir í bænum hafi ýjað að því að hún ætti ekki að kæra. Þar með talinn sóknarpresturinn Sighvatur.

Í samtali við Fréttablaðið harmar hann upplifun Guðnýjar Jónu af þeirra samskiptum og segir að sér hafi gengið gott eitt til.

„Það var fyrst og fremst vilji minn að sýna henni stuðning. Hafi hún ekki upplifað hann þá bið ég hana afsökunar. Ég er þeirrar skoðunar að rannsaka beri allt ofbeldi."

Aðspurður hvort það stangist ekki á við orð Guðnýjar Jónu segir hann það mögulega vera svo.

„Ég man bara lítið eftir þessu samtali og ég veit því ekki af hverju ég sagði þetta. Það er ekki til neins að velta þessu upp. Minn vilji var að sýna meintum geranda stuðning."

Sighvatur tekur fram að það hafi hann gert með því að reyna að koma í veg fyrir birtingu nafnalistans. Hann segir jafnframt að í öllum málum sé það mikilvægt að prestur gæti hlutleysis og í þessu máli líka gagnvart „meintum" geranda.

„Ég trúi á mátt fyrirgefningarinnar í úrvinnslu allra mála," segir Sighvatur. Spurður nánar út í þau orð sín og hvort honum finnist sem Guðnýju Jónu sé skylt að fyrirgefa nauðgara sínum segist hann trúa að kærleikurinn sé ætíð rétti vegurinn.

„Hún hefur nú unnið í sér og er vonandi komin á góðan stað. Þetta er mál sem samfélagið getur lært af, á því liggur ekki vafi. En ég biðst auðmjúkur afsökunar hafi ég sært einhvern." **mlþ / sjá síðu 10**




## SPURNING DAGSINS



Kristján, er von á hafmeyjum í fiskborðið í kjölfarið?

**„Skiptast fiskar ekki í karla og konur? Það má því að segja að við séum þegar með þær.“**

Kristján Berg fisksali rekur Fiskikónginn við Sogaveg. Hann fékk Þorstein Davíðsson, listamann og veggjakrotara, til að mála stóra mynd af hafmeyju á vegg fiskbúðarinnar.

Þjóðgarðsvörður hittir stangveiðimenn sem harma næturveiðibann á Þingvöllum og vill tillögur þeirra:

# „Þýðir ekkert að við ætlum að hætta við“

**STANGVEIÐI** „Það fara algjörlega saman viðhorf hinna betri veiðimanna og okkar að reka af höndum okkar þennan ófögnuð sem er þarna að spilla málum,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, sem í dag hittir fulltrúa stangveiðimanna til að ræða umdeilt næturveiðibann í Þingvallavatni.

Ólafur mun í umboði formanns Þingvallanefndar ræða bæði við fulltrúa Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) og stjórnarmenn í Landssambandi Stangaveiðifélaga (LS). Báðir þessir aðilar hörmuðu í gær ákvörðun Þingvallanefndar um næturveiðibannið.

„Þjóðgarðsvörður talar um að eftirlit verði hert en segir um leið að þjóðgarðurinn hafi ekki efni á að hafa næturvörslu,“ sagði stjórn LS og lýsti sig reiðubúna til að ræða við nefndina til að fá ákvörðuninni breytt.

„Við skulum sjá hvort við finnum ekki sameiginlega lausn á þessu máli sem við erum öll svo áhugasöm um en það þýðir ekkert að við ætlum bara að hætta við þetta – það verða allir að leggja eitthvað á borð með sér,“ segir Ólafur og undirstrikar að Þingvallavatn sé einstakt lífríki á heimsvísu. Því fylgi ábyrgð. „Þetta hefur fengið að reka á reiðanum og ég er ákveðinn í að stöðva það.“ - gar

> **... það verða allir að leggja eitthvað á borð með sér.**



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON** Þjóðgarðsvörður fagnar áhuga stangveiðimanna á bættri umgengni við Þingvallavatn.




**Í MARK** Wow cyclothon fór í fyrsta sinn fram í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ein milljón króna sett í stofnfé Wow sport:

## Hjólreiðakeppni í kringum landið

**VIÐBURÐIR Stofnuð hefur verið sjálfseignarstofnunin Wow sport, meðal annars til að efna til árlegrar alþjóðlegrar hjólreiðakeppni hringinn í kringum Ísland.**

**„Ráðstafa skal fjármunum sjálfeignarstofnunarinnar í undirbúning og kynningu á annarri WOW „cyclothon“-keppninni sem haldin verður 19.-22. júní 2013 og einnig í önnur verkefni sem stofnunin tekur þátt í að styrkja eða halda hverju sinni,“ segir í skipulagsskrá Wow sport.**

**Stofnendur Wow sport eru Skúli Mogensen og Magnús Ragnarsson. Wow air leggur til allt stofnfé eða 1.045.000 krónur.** - óká

Tveir 17 ára piltar ákærðir:

## Stunginn með skrúfjárni af skjólstæðingi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo sautján ára pilta fyrir alvarlega líkamsárás á þrjá starfsmenn meðferðarheimilisins Háholts í Skagafirði í lok október 2011.

Samkvæmt ákærunni réðust piltarnir á fólkið, tvo karla og eina konu og hótuðu þeim. Þá segir að þeir hafi tekið einn manninn, 49 ára gamlan, hálstaki, kýlt hann í andlitið og stungið hann í lærið með skrúfjárni. Piltarnir eru ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni. - sh

Tölvan sýndi fram á sekt:

## 15 ár fyrir að myrða mömmu

**SVÍÞJÓÐ** 44 ára gamall sænskur maður hefur verið dæmdur í fimmtán ára fangelsi fyrir að myrða móður sína og fela lík hennar.

Maðurinn neitaði í upphafi sök, játaði svo við réttarhöld en dró síðan játninguna til baka. Fartölva í eigu hans þótti hins vegar innihalda næg sönnunargögn gegn honum. Á henni fannst blóð auk þess sem í ljós kom að hann hafði leitað mikið á netinu að upplýsingum um morð. Meðal annars hafði hann skoðað hversu þung refsing væri fyrir morð, hvernig leitað væri að sönnunargögnum og fleira. - þeb

# Rapparastríð leiðir til ákæru gegn Móra

**Rapparinn Móri hefur verið ákærður fyrir hótanir og vopnalagabrot þremur árum eftir að hann elti Erp Eyvindarson um útvarpssvið 365 vopnaður hnífi og rafbyssu. Lögregla taldi fyrst að atvikið hefði verið sviðsett og felldi rannsókn þess niður.**

**DÓMSMÁL** Atlaga rapparans Móra að Erpi Eyvindarsyni, kollega hans í rappinu, þegar þeir voru á leið saman í útvarpsviðtal hefur nú getið af sér ákæru rúmum þremur árum eftir atvikið.

Móri, sem heitir réttu nafni Magnús Ómarsson, hefur verið ákærður fyrir að hóta Erpi með því að elta hann um húsnæði útvarpssviðs 365 vopnaður hnífi og vekja með því hjá Erpi ótta um líf sitt og heilbrigði. Móri hafði meðferðis rafbyssu, sem er ólöglegt, og er því jafnframt ákærður fyrir vopnalagabrot.

Það var síðdegis mánudaginn 15. febrúar 2010 sem Móri mætti á útvarpssvið 365, vopnaður hnífnum og rafbyssunni og með stóran doberman-hund sér við hlið. Hann var á leið í viðtal í þættinum Harmageddon á X-inu ásamt Erpi, þar sem þeir hugðust grafa stríðsöxina í beinni útsendingu eftir opinberar skærur sem höfðu staðið nokkra hríð, meðal annars um hvor þeirra væri meiri frumkvöðull á rappsviðinu.

Móri réðst hins vegar beint að Erpi, dró upp hnífinn og elti hann um gólfið. Erpur varðist honum með skúringamoppu og stökkti honum að lokum á flótta.

Lögregla var kvödd til, Móri gaf sig fram skömmu síðar og eðlilega varð lítið úr fyrirhugaðri sátt.

Málið hefur síðan velkst í kerfinu í þrjú ár. Lögregla felldi málið niður eftir stutta rannsókn og skýrði þá ákvörðun þannig að líklega hefði verið um sviðsettan atburð að ræða.

Lögmaður Erps, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, sætti sig ekki við þann rökstuðning og kærði ákvörðunina til Ríkissaksóknara, sem fór fram á það seint á árinu 2011 að lögregla rannsakaði málið til hlítar.

Málið var þá tekið upp á nýjan leik og sú rannsókn hefur nú leitt til ákærunnar. Hún verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 18. apríl. stigur@frettabladid.is



**SKÝRSLUTAKA Á VETTVANGI** Erpur ræðir við lögreglumann rétt eftir atvikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉL** Atlagan náðist á öryggismyndavél. Hér sést Móri, fyrir miðju, elta Erp, til vinstri. Á eftir fylgir Frosti Logason, annar umsjónarmanna þáttarins Harmageddon.



**MAGNÚS ÓMARSSON** Móri gaf út samnefnda plötu árið 2002 sem náði miklum vinsældum og innihélt meðal annars lagið Atvinnukrimmi. Nýverið sendi hann frá sér lagið Vakniðǃ, það fyrsta í rúman áratug.




Orkumálastjóri Evrópusambandsins eftir fund með utanríkisráðherra:

# ESB ásælist ekki orkuauðlindir

**ORKUMÁL** Íslendingar munu halda óskertu eignarhaldi og yfirráðum yfir orkulindum sínum ef til ESB-aðildar kemur. Þetta sagði Günther Öttinger, orkumálastjóri ESB, á fundi með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra í Brussel í gær.

„Þetta þykir mér mikilvægt að liggi skýrt fyrir,“ segir Össur í samtali við Fréttablaðið, „því að andstæðingar aðildar hafa margsinnis haldið því ranglega fram, meðal annars á Alþingi, að jákvæðar viðtökur ESB við aðildarumsókn Íslendinga séu vegna þess að þeir ásælist orkuauðlindir okkar. Nú er því í gadda slegið að það er enginn fótur fyrir því.“

Össur segir Öttinger hafa sagt ESB hvorki vilja né geta krafist nokkurra yfirráða í þessum málum þar sem slíkt samræmdist ekki sáttmála sambandsins.

Össur fundaði einnig með Stefan Füle stækkunarstjóra þar sem Füle sagði meðal annars að ESB hefði „fullan skilning á sérstöðu Íslands“ með tilliti til þess að viðhalda banni á innflutningi lifandi dýra ef til ESB-aðildar Íslands kæmi.

„Þetta slær kaldar fullyrðingar Evrópuandstæðinga um annað,“ bætir Össur við, en meðal annars sem þeir Füle ræddu var aukið samstarf Íslands og ESB um málefni norðurslóða, meðal annars stofnun þjónustumiðstöðvar hér á Íslandi vegna aukinna umsvifa og samgangna á Norðurslóðum. - þj



**Á GÓÐRI STUND** Össur hitti Öttinger orkumálastjóra á fundi í gær þar sem hinn síðarnefndi ítrekaði að ESB ásældist ekki orkuauðlindir Íslands.







Vistvænn bíll

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.



**Velkomin í reynsluakstur**

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf. feb. 2013

## GENGIÐ 08.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,68 | 119,24 |
| Sterlingspund | 181,7 | 182,58 |
| Evra | 154,51 | 155,37 |
| Dönsk króna | 20,724 | 20,846 |
| Norsk króna | 20,734 | 20,856 |
| Sænsk króna | 18,524 | 18,632 |
| Japanskt jen | 1,2024 | 1,2094 |
| SDR | 178,34 | 179,4 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
211,47

Gestur Jónsson og Ragnar Hall segja reglur þverbrotnar í Al Thani-málinu:

# Fá ekki að hætta sem verjendur

**DÓMSMÁL** Pétur Guðgeirsson héraðsdómari hafnaði í gær beiðni lögmannanna Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall um lausn þeirra frá verjendastörfum í svokölluðu Al Thani-máli Sérstaks saksóknara.

Gestur, verjandi Sigurðar Einarssonar, og Ragnar, verjandi Ólafs Ólafssonar, boðuðu til blaðamannafundar í gær þar sem þeir tilkynntu að þeir hefðu óskað eftir lausn frá störfum.

Ástæðan var sú að þeir töldu að ítrekað hefði verið brotið á rétti skjólstæðinga þeirra til réttlátrar málsmeðferðar, nú síðast með dómum Hæstaréttar frá því fyrir helgi þar sem þeim kröfum var hafnað að sakborningar fengju aðgang að tilteknum gögnum og að aðalmeðferð málsins yrði frestað vegna þess hversu mikið af gögnum er undir í málinu.

Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá Sérstökum saksóknara, furðaði sig á þessari ákvörðun tvímenninganna í gær og sagðist telja eðlilegast að kröfu þeirra yrði hafnað. Það varð enda raunin: Dómari taldi að það mundi valda allt of miklum töfum á málinu að skipta um verjendur á þessu stigi.

Aðalmeðferðin hefst því á fimmtudag eins og til stóð. Áætlað er að hún taki átta daga og að á fimmta tug vitna komi fyrir dóminn. - sh



**GETA EKKI HÆTT** Gestur og Ragnar voru þungbúnir á blaðamannafundinum í gær. Dómari var hins vegar ekki lengi að hafna erindi þeirra og skikka þá til að verja Sigurð og Ólaf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flutti fíkniefni til Balí:

## Dauðadómur ömmu stendur

**INDÓNESÍA** Bresk kona, Lindsay Sandiford, tapaði áfrýjun sinni fyrir yfirrétti á Balí í Indónesíu og verður tekin af lífi fyrir fíkniefnasmygl.

Mál Sandiford hefur vakið heimsathygli, enda er hún 56 ára gömul amma og segist hafa verið þvinguð til að flytja fíkniefni frá Taílandi til Balí fyrir tæpu ári. Hún var handtekin með 4,8 kíló af kókaíni.

Fréttaskýrendur í Bretlandi segja þó ekki alla von úti enn. Sandiford hefur nú tvær vikur til að áfrýja til hæstaréttar. - þeb

Áfram árásir í Sýrlandi:

## 15 látnir eftir bílsprengju

**SÝRLAND, AP** Minnst fimmtán manns létust, tugir særðust og gríðarlegar skemmdir urðu í miðborg Damaskus í gær þegar bílsprengja sprakk.

Ríkissjónvarpið í Sýrlandi sagði sprengjuárásina hafa verið sjálfsvígsárás hryðjuverkamanns. Sprengingin varð í nágrenni við seðlabanka Sýrlands, auk þess sem skóli og moska eru við sprengjustaðinn.

Alls létust 53 í sprengingu í miðborginni þann 22. febrúar. -þeb

### LANDHELGISGÆSLAN

**Grunur um ólöglegar veiðar**

Þyrla Landhelgisgæslunnar stöðvaði í gær bát að handfæraveiðum innan reglugerðarhólfs þar sem bannaðar eru veiðar vegna hrygningarstopps. Var báturinn færður til hafnar og tók lögregla á móti honum. Gæslan brýnir fyrir sjómönnum að fylgjast vel með lokunum sem eru í gangi hverju sinni.

# Sjö sjálfsvíg innan veggja fangelsa síðustu tuttugu ár

Tíu fangar hafa látist í fangelsum síðan árið 1993. Langflestir hafa svipt sig lífi. Innanríkisráðherra segir brýnt að bregðast við þeim vanda sem fylgi geðsjúkum, sakhæfum föngum innan almennra fangelsa.

**FANGELSISMÁL** Sjö fangar hafa framið sjálfsvíg innan veggja íslenskra fangelsa á síðustu tuttugu árum. Um er að ræða fanga á Litla-Hrauni og fangelsinu í Kópavogi. Þrír fangar hafa látist á sama tímabili af öðrum orsökum og gerir þetta því tíu andlát í allt.



Sakhæfur en samt of veikur fyrir fangavist á Litla-Hrauni

Fangi af Litla-Hrauni sem hlaut fjórtán ára dóm fyrir morðtilraun er nú vistaður nauðugur á öryggisdeild geðspítalans á Kleppi. Sárvantar úrræði fyrir geðsjúka fanga, segir forstöðukonan Margrét Frímannsdóttir.

DÓMSMÁL Maður sem veitti föður sínum alvarlega áverka sem drógu hann til dauða er nú nauðungarvistaður á öryggisdeildinni á Kleppi. Hann var metinn sakhæfur af geðlæknum fyrr á árinu og dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar.

Í síðasta mánuði var maðurinn nauðungarvistaður á geðdeild Landspítalans við Hringbraut. Hann var þó fljótt metinn það veikur að hann þyrfti aukna meðferð, svo hann var færður á öryggisdeildina á Kleppi. Nauðsynlegt er að svipta hann sjálfræði, þar sem hann neitar að sækja meðferð á geðdeild. Hann verður að minnsta kosti sex mánuði inni á Kleppi.

Maðurinn, Þorvarður Davíð Ólafsson, er einn nokkurra fanga á Litla-Hrauni sem fangelsismálayfirvöld telja að þurfi sérúrræði innan kerfisins, en engin sérstök stofnun er fyrir hendi fyrir geðsjúka einstaklinga sem hafa þó verið metnir sakhæfir fyrir dómi.

Þessa fanga verður að vista í fangelsi, en réttargeðdeildin á Kleppi, sem áður var á Sogni í Ölfusi, er samkvæmt lögum einungis fyrir ósakhæfa brotamenn.

Samkvæmt reglum fangelsismálayfirvalda á að leggja fanga sem veikjast af geðsjúkdómi inn á geðdeild Landspítalans á Hringbraut. Innlögn á öryggisdeild er undantekning sem eingöngu er gripið til ef um mjög veika einstaklinga er að ræða sem neita meðferð.

Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á öryggisdeildinni á Kleppi, segir afar fátítt að geðdeildir LSH taki við föngum af Litla-Hrauni, en það hafi þó gerst. „Ef einstaklingar eru metnir mjög veikir og vilja ekki nauðsynlega þjónustu, þarf að fara þessa leið," segir hann. „Aðalatriðið er að fangar fái sömu þjónustu og aðrir þjóðfélagsþegnar og ferlið sé eins hjá þeim og öðrum."

Ef einstaklingar eru metnir mjög veikir og vilja ekki nauðsynlega þjónustu þarf að fara þessa leið.
SIGURÐUR PÁLL PÁLSSON
YFIRLÆKNIR Á ÖRYGGISDEILD KLEPPS

Margrét Frímannsdóttir, forstöðukona Litla-Hrauns, segir að komi upp bráðaveikindi hjá föngum sem kalli á innlögn á geðdeild, sé ferlið auðveldara nú en það hafi verið hingað til.

„En við þurfum að skoða hvernig við getum bætt aðbúnaðinn og komið á sérstakri deild fyrir sakhæfa geðsjúka einstaklinga," segir hún. „Einnig er nauðsynlegt að skoða hvernig verði staðið að mönnun þeirrar deildar og hvort við þurfum að leggja meiri áherslu á menntun fangavarða sem annast geðsjúka fanga." - SV

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun frömdu þrír fangar sjálfsvíg á Litla-Hrauni árið 1998, en tölurnar hafa hvorki orðið það háar fyrr né síðar. Langflest atvikin hafa átt sér stað þar, enda langfjölmennasta fangelsi landsins.

Íslensk fangelsismála- og heilbrigðisyfirvöld hafa lengi kallað eftir sértæku úrræði fyrir geðsjúka fanga sem þó hafa verið metnir sakhæfir. Síðastliðið fimmtudagskvöld svipti andlega veikur fangi á Litla-Hrauni sig lífi í klefa sínum, Þorvarður Davíð Ólafsson, sem var dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar árið 2011 fyrir tilraun til manndráps. Þorvarður veitti föður sínum, Ólafi Þórðarsyni, áverka sem drógu hann til dauða í nóvember 2010.

Ólafur komst aldrei til meðvitundar eftir árásina og lést tæpu ári síðar á Grensásdeild. Greint var frá því í Fréttablaðinu í nóvember að Þorvarður hefði verið nauðungarvistaður á Kleppi til að veita honum meðferð og komu þar fram gagnrýnisraddir frá yfirvöldum vegna þeirra vankanta á kerfinu að geta ekki sinnt veikum föngum nægilega vel.

Maður sem dvaldi á Litla-Hrauni með Þorvarði um tíma segir alla hafa gert sér grein fyrir því að hann hafi verið alvarlega veikur. Fangarnir hafi tekið að sér eins konar sálgæslu fyrir Þorvarð, enda fá önnur úrræði í boði. Maðurinn gagnrýnir kerfið harðlega og segir ljóst í hvað stefndi í langan tíma, en lítið hafi verið að gert.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir brýnt að yfirvöld bregðist við þessum vanda sem yfirvöld standi frammi fyrir vegna sakhæfra, veikra fanga. Ýmis úrræði séu á teikniborðinu, en vonast sé til að fangelsið á Hólmsheiði muni koma til móts við skort á rými og þar með verði auðveldara að kljást við vandamál einstakra fanga. „Þetta er hugsun sem er á vinnsluborðinu, enda augljóst að svo þarf að vera," segir Ögmundur.

Á seinni hluta síðasta árs voru á bilinu fjórir til fimm fangar á Litla-Hrauni sem voru í raun of veikir á geði til að vera innan veggja fangelsisins. Greint var frá því í Fréttablaðinu í október. Þar sagði Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, að annaðhvort þyrfti sérálmu í fangelsi eða sérstaka deild á vegum heilbrigðisyfirvalda með fimm til tíu plássum, öryggisgæslu og sérhæfðari meðferð. Þá séu lyfjagjafir sérlega flóknar þar sem ekki sé hægt að neyða lyf ofan í einstaklinga án þess að svipta þá sjálfræði. „Þetta er eitthvað sem þarf að berjast fyrir," sagði hann.

sunna@frettabladid.is



**LITLA-HRAUN** Langflest sjálfsvíg áttu sér stað í fjölmennasta fangelsinu.

### Sjálfsvíg í fangelsum síðan 1993

| | |
|---|---|
| 1993 | Kópavogsfangelsi – eitt andlát |
| 1998 | Litla-Hraun – þrjú sjálfsvíg |
| 2004 | Kópavogsfangelsi – eitt sjálfsvíg |
| 2005 | Litla-Hraun – eitt sjálfsvíg |
| 2007 | Litla-Hraun – eitt sjálfsvíg og eitt andlát |
| 2012 | Litla-Hraun – eitt andlát |
| 2013 | Litla-Hraun – eitt sjálfsvíg |



HEIMILD: FANGELSISMÁLASTOFNUN




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**KÓLNANDI** Vorið lætur aðeins bíða eftir sér en það verður heldur svalt næstu daga og víða einhver snjókoma eða él. Á fimmtudag lítur úr fyrir talsvert frost um allt land en þá dregur úr vindi og úrkomu.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante 22° | Billund 6° | Gautaborg 4° | London 9° | Orlando 28° | San Francisco 20° |
| Basel 9° | Frankfurt 10° | Kaupmannahöfn 4° | Mallorca 22° | Ósló 2° | Stokkhólmur 2° |
| Berlín 9° | Friedrichshafen 11° | Las Palmas 21° | New York 21° | París 11° | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**VW Passat** Highline ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 88.300 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.790.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.700.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.090.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDI 240 hö
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 24.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**10.950.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.450.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1,2
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 27.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.150.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi 6 gíra
**Árgerð** 2011, dísil
Ekinn 40.000 km, beinskiprur
Ásett verð:
**4.690.000,-**



**VW Passat** VR6 Highline
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.590.000,-**



**VW Passat** TDi Highline
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.550.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.050.000,-**



**VW Touran** Tendl. Ecofuel
Árgerð 2008, bensín/metan
Ekinn 103.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.850.000,-**



**Skoda Octavia** TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 114.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.290.000,-**



**VW Tiguan** Track&Sport TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 34.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.890.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**
**lykill.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

## VEISTU SVARIÐ?



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1.** Hvað er leikhópurinn Perlan gamall?
**2.** Af hverju varð til sjóðandi heitur pollur í Skorradal?
**3.** Hvernig getur skógur við Þórsmörk bætt loftgæði í höfuðborginni?

**SVÖR**

**1.** Þrjátíu ára. **2.** Af því úr sér gengnar lagnir OR gáfu sig. **3.** Með því að hefta öskufok.

Tímaritið Vísbending segir kostnað við 20% niðurfærslu húsnæðislána jafngilda rekstri LSH í sex ár:

# Beinn kostnaður 170 milljarðar króna

**EFNAHAGSMÁL** Kostnaður við fimmtungsniðurfærslu húsnæðislána myndi nema 240 milljörðum króna, eða sem samsvarar fjórutíu prósentum af ríkisútgjöldum. Þetta kemur fram í nýrri úttekt efnahagsritsins Vísbendingar.

„Með þeirri fjárhæð mætti til dæmis reka Landspítalann í sex ár eða helminga skuld ríkisins vegna lífeyrisskuldbindinga,“ er bent á í úttektinni. Fram kemur að rúmur helmingur kostnaðarins, eða 56 prósent, félli á Íbúðalánasjóð. Sú upphæð næmi þá 134,4 milljörðum króna. Beinn kostnaður hins opinbera af tuttugu prósenta niðurfærslu næmi 170 milljörðum króna.

Yfirskrift úttektarinnar er „Hvað kosta kosningaloforðin?“ og bent á að stjórnmálaflokkar sem boðað hafa niðurfellingu verðtryggðra lána hafi ekki skýrt hvernig færa ætti lánin niður. Það gæti hins vegar annaðhvort orðið með lagaboði og eða almennu samkomulagi.

„Ef lán verða færð niður með lagaboði er hugsanlegt að lánafyrirtæki geri kröfu á ríkið um greiðslu kostnaðar af niðurfærslunni. Hugsanlegt er að jafnvel „hrægammar“ gætu átt rétt fyrir dómstólum,“ segir í úttekt Vísbendingar. - óká



**HÚS** Í Vísbendingu er sagt ólíklegt að velta megi öllum niðurfærslukostnaði á erlenda vogunarsjóði.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





HAFBERG
fiskbúð sælkerans
LÍNUÝSA
FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR
FISKRÉTTIR
Heitur matur í hádeginu
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



Hjálpum heima
Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.
PIPAR\TBWA • SÍA • 130810
Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.
**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn**. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is
Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400





# Járnfrúin fallin frá

Margaret Thatcher, einn umdeildasti og áhrifamesti stjórnmálamaður 20. aldar, er látin. Thatcher leiddi Bretland í gegnum umbrotatíma þar sem hagvöxtur jókst stórum en atvinnuleysi og vinnumarkaðsdeilur settu líka svip á valdatíð hennar.

**BRETLAND** Margaret Thatcher, sem gegndi embætti forsætisráðherra Bretlands í ellefu ára skeið, lést í gær eftir langvinn veikindi. Heilablóðfall varð henni að aldurtila.

Á valdatíma sínum leiddi hún Íhaldsflokkinn til sigurs í þrennum þingkosningum í röð, 1979, 1983 og 1987. Hennar verður helst minnst sem persónugervings einkavæðingar og afreglunar. En á meðan hún er í hávegum höfð í hópi frjálshyggjufólks, skapaði hún sér miklar óvinsældir fyrir óvæginn stjórnunarstíl þar sem hún tókst meðal annars harkalega á við verkalýðsfélög og hafði þar sigur.

Hún varð undir í innanflokksdeilum árið 1990 og sagði af sér en lét þó til sín taka á pólitíska sviðinu fram yfir aldamót þegar hún dró sig úr sviðsljósinu vegna veikinda.

Fjölmargir vottuðu Thatcher virðingu sína, meðal annars David Cameron forsætisráðherra. „Ég var afar sorgmæddur að frétta af fráfalli lafði Thatcher. Við höfum misst mikinn leiðtoga, mikinn forsætisráðherra og mikinn Breta.“

Ed Miliband, formaður Verkamannaflokksins, sagði að hann hefði ekki verið sammála öllu því sem hún gerði: „Okkur getur greint á en um leið virðum við afrek hennar og styrk.“

thorgils@frettabladid.is

# ALLT Á BAÐIÐ!

*YFIR 30 GERÐIR INNRÉTTINGA Í SÝNINGARSAL*

***VERÐ FRÁ KR. 12.900***





Baðhlutir í settum
frá kr. 3.900



Sturtustangarsett
frá kr. 1.900



Innbyggt WC með öllu
frá kr. 33.900



Sturtuhorn með botni
frá kr. 21.900

## TIL AFGREIÐSLU AF LAGER!

**WWW.I-T.IS**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 TIL 18**
**OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11 TIL 15**

Ármúla 31 | 108 Reykjavík | Sími: 588 7332

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*




Fimmtudaginn 11. apríl kl. 12-13.30 í Hátíðarsal HÍ.

Financial Crisis - Competition Law - Procedure

**Recent Case Law of the EFTA Court**

**Carl Baudenbacher**

forseti EFTA-dómstólsins



Undanfarin misseri hefur EFTA-dómstóllinn fjallað um nokkur mál sem varða lagalegar afleiðingar falls íslensku bankanna. Dómstóllinn hefur einnig kveðið upp tvo fordæmisgefandi dóma í samkeppnisrétti.

Síðast en ekki síst hefur EFTA-dómstóllinn skýrt nokkur mikilvæg réttarfarsleg atriði sem lúta að hlutverki æðstu dómstóla aðildarríkjanna og heimilda Eftirlitsstofnunar EFTA til að höfða mál vegna ætlaðra brota á EES-samningnum. Í erindi sínu mun Carl Baudenbacher forseti EFTA-dómstólsins fara yfir og ræða fyrirliggjandi dómafordæmi og þá þróun sem orðið hefur.



**Fundarstjóri:** Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og starfandi forseti Lagadeildar HÍ.

Fyrirlesturinn verður á ensku - Allir velkomnir.

www.lagastofnun.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN


Stjórnvöld N-Kóreu ætla að loka sameiginlegu iðnaðarsvæði á næstunni:

# Skera á síðustu tengsl við suðrið

**SUÐUR-KÓREA, AP** Norður-Kóreumenn segjast hafa ákveðið að loka Kaesong-verksmiðjusvæðinu tímabundið og hyggjast kalla 53 þúsund starfsmenn úr vinnu þar.

Norður- og Suður-Kóreumenn hafa rekið Kaesong-iðnaðarsvæðið í sameiningu rétt norðan við hlutlausa svæðið á milli ríkjanna tveggja. Á svæðinu starfa 120 fyrirtæki. Með lokuninni hafa Norður-Kóreumenn skorið á síðustu tengsl sín við nágrannana í suðri. Lokun verksmiðjanna þykir sýna að stjórnvöld í Pjongjang eru tilbúin að eyðileggja fyrir eigin hagkerfi til þess að sýna reiði sína í garð Suður-Kóreu og Bandaríkjanna. Svæðið er efnahagslega mikilvægt fyrir Norður-Kóreu.

Ástandið á Kóreuskaganum hefur sem kunnugt er versnað undanfarnar vikur, ekki síst eftir sameiginlegar heræfingar S-Kóreu og Bandaríkjanna. N-Kóreumenn hafa hótað því að ráðast gegn Bandaríkjunum. Stjórnvöld í Suður-Kóreu sögðust í gær ekki sjá nein merki um að Norður-Kóreumenn væru að undirbúa kjarnorkusprengingu, en þau telja líklegt að tilraunaeldflaug verði skotið á loft á næstu vikum. **- þeb**



**VIÐ LANDAMÆRIN** Vörubílar snúa til Suður-Kóreu frá Kaesong. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitunnar gagnrýnir nýja samþykkt:

# OR dregur sig út úr samstarfi um gerð Hrafnabjargavirkjunar

**IÐNAÐUR** Orkuveita Reykjavíkur (OR) dregur sig út úr samstarfi um Hrafnabjargavirkjun. Á stjórnarfundi fyrir helgi var samþykkt að heimila forstjóra Orkuveitunnar að ganga til samninga við meðeigendur OR í Hrafnabjargavirkjun hf. með það að markmiði að þeir eignist hlut Orkuveitunnar.

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, segir verkefnin undanfarið hafa snúið að því að styrkja fjárhag Orkuveitunnar og minnka áhættu.

„Það var metið sem svo að virkjunaráform þarna fyrir norðan féllu ekki vel að þeirri vinnu, að fengnu áliti stjórnenda um að ákvörðunin fæli ekki í sér áhættu varðandi framtíðarorkuöflun,“ segir hann.

Kjartan Magnússon, fulltrúi borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins í stjórn OR, sagði í bókun í fundargerð stjórnar OR að óráðlegt væri að gefa frá sér þátttöku í verkefninu og fækka þar með orkuöflunarkostum fyrirtækisins til framtíðar. Þá gerði hann athugasemd við fyrirhugað vinnulag við sölu á hlut OR í Hrafnabjörgum. Eðlilegast væri að hámarka söluverð hlutarins í gagnsæju söluferli.

Haraldur Flosi bendir á að enn sé ekkert fast í hendi varðandi Hrafnabjargavirkjun eða arð af því verkefni. „Það sem ýtti á þessa ákvörðun nú er að fyrir liggur vilji meðeigenda OR í félaginu að fá rannsóknaleyfi og þá þarf að fara að leggja fé í verkefnið.“ Verðmæti félagsins nú nemi hins vegar bara um tíu milljónum króna sem sé upplausnarvirði þess. **- óká**



HARALDUR FLOSI TRYGGVASON

KJARTAN MAGNÚSSON





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

*Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 760.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,64%.




ENNEMM / SÍA / NM56736

*Gildir í 12 mánuði

**Veldu Snjallpakka sem hentar þér**

Snjallpakkinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

**Mamma! Pabbi!**

Í Núllinu talar fjölskyldan saman fyrir 0 kr. þótt mínúturnar séu búnar.

**Gildir til 27 landa**

Notaðu mínúturnar til að hringja í heimasíma í 27 löndum.

**Hafðu stöðuna á hreinu**

Í Símaappinu geturðu fylgst með notkuninni.

siminn.is

Síminn

# Nauðgunin sem klauf bæjarfélag

113 einstaklingar skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu til varnar dæmdum nauðgara á Húsavík árið 2000. Málið var rifjað upp í Kastljósi í gærkvöldi. Fyrrverandi bæjarstjóri vildi lítið tjá sig vegna málsins en honum þykir þó sæta furðu að það sé dregið upp svo löngu síðar.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Af hverju eru fjölmiðlar að varpa ljósi á þetta erfiða mál núna og hvaða tilgangi þjónar það?“ spyr Reinhard Reinhardsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Húsavík, blaðakonu Fréttablaðsins vegna umfjöllunar um mál Guðnýjar Jónu Kristjánsdóttur, sem var nauðgað fyrir 14 árum. Mál Guðnýjar Jónu var rifjað upp í Kastljósinu á RÚV í gærkvöldi. Guðný Jóna er í dag læknir í Noregi.


REINHARD REINHARDSSON

Guðnýju Jónu var nauðgað vorið 1999 eftir próflokafögnuð í Framhaldsskólanum á Húsavík. Gerandinn var jafnaldri hennar og bekkjarbróðir. Árið 2000 staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra og var maðurinn dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi eftir að hann áfrýjaði og dró meðal annars játningu sína til baka.

### Tvær fylkingar

Mál Guðnýjar Jónu þykir einkar óvægið, ekki síst vegna viðbragða samfélagsins á Húsavík sem skiptist í fylkingar. Stór hópur bæjarbúa studdi þétt við bakið á gerandanum og safnaði meðal annars 113 undirskriftum manninum til stuðnings. Undirskriftirnar voru svo birtar opinberlega í Skránni sem dreift var í bænum.

Reinhard Reinhardsson var bæjarstjóri á þessum tíma en var þá tiltölulega nýkominn til starfa. Hann kveðst í raun lítið muna frá þessum tíma.

„Ég man eftir umræðu í bænum um þetta en málið kom aldrei til okkar kasta í bæjarstjórninni nema þá í gegnum félagsþjónustuna sem var rekin utan bæjarins,“ segir Reinhard.

Spurður hvort ekki hefði verið eðlilegt af bæjarstjórn að skerast í leikinn þegar ljóst var að um velferð íbúa bæjarins var að ræða segir hann erfitt að meta það eftir á. „Til þess að geta svarað því þá þyrfti ég að grafa ansi djúpt aftur í söguna.“

### Tók þetta á hnefanum

Guðný Jóna segir í samtali við Fréttablaðið að hefði hún vitað fyrir fram hvernig málið myndi þróast hefði hún ekki kært. Það hafi tekið hana langan tíma að vinna úr áfallinu og ekki síður viðbrögðum samfélagsins á Húsavík.

„Til að byrja með tók ég þetta auðvitað bara á hnefanum. Ég flutti burt og hélt áfram með mitt líf og öll þau plön sem ég hafði,“ segir Guðný Jóna. Í dag býr hún í Noregi ásamt eiginmanni og syni. Hún hélt sig frá fjölmiðlum á sínum tíma en málið vakti mikla athygli. Meðal annars birti DV undirskriftalistann og viðtöl við fólk sem skrifað hafði á hann.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir viðbrögð sem þessi ekki óalgeng í litlum samfélögum þó vissulega sé það einsdæmi hér á landi að fólk gangi jafn langt og gerðist í máli Guðnýjar. Tölur Stígamóta sýni að algengt sé að gerendur séu kunnugir fórnarlambinu.

„Það er svo óbærilegt að horfast í augu við þetta. Það er einhvern veginn auðveldara að afneita því. En þá situr fórnarlambið eftir með sárt ennið og jafnvel óverðskuldaða sök í málinu. Þetta hefur vissulega fælingarmátt og hindrar því miður einhverja í að leita réttar síns,“ segir Guðrún. Hún segir að svo megi þó ekki vera og bendir á að það sé alltaf rétt að greina frá ofbeldi.

maria@frettabladid.is


**GUÐNÝ JÓNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Nú, fjórtán árum eftir að henni var nauðgað, hefur hún stigið fram og rætt opinberlega um áfallið. Hluti bæjarbúa á Húsavík sneri baki við henni og á endanum sá hún þann kost vænstan að flytja á brott. Hún býr nú í Noregi. MYND/KASTLJÓS


# Að meta getu til starfa – Hvað skiptir máli?



Ráðstefna á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs
um starfsendurhæfingu og vinnugetu
fimmtudaginn 11. apríl 2013 kl. 13.00 – 16.30
á Grand Hótel Reykjavík – Gullteig

## Dagskrá

| | |
|---|---|
| 13.00 – 13.15 | **Ávarp frá Velferðarráðuneyti:** Guðrún Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá Velferðarráðuneyti |
| 13.15 – 13.45 | **VIRK framtíð:** Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar |
| 13.45 – 14.45 | **Assessment of work capability for a social security benefit:** Sir Mansel Aylward frá Centre for Psychosocial and Disability Research í Bretlandi, fjallar um hugmyndir og breytingar í þróun á starfsgetumati |
| 14.45 – 15.10 | **Kaffi** |
| 15.10 – 15.30 | **Örorkumat samkvæmt staðli:** Haraldur Jóhannsson, yfirlæknir, læknisfræðileg ráðgjöf, Réttindasvið TR |
| 15.30 – 15.50 | **Eru örorkulífeyrisréttindi rétt metin?** Guðmundur Björnsson, endurhæfingar- og trúnaðarlæknir |
| 15.50 – 16.30 | **Hvernig getur VIRK virkað sem best?** Ása Dóra Konráðsdóttir, sviðsstjóri starfsendurhæfingar VIRK fjallar um árangursríka nálgun í starfsendurhæfingu og tengsl við starfsgetumat |

Ráðstefnustjóri er Ingibjörg Loftsdóttir, deildarstjóri ráðgjafadeildar VIRK
Dagskrá ráðstefnunnar og veitingar eru í boði VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig á ráðstefnuna, á heimasíðu **VIRK www.virk.is** fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 10. apríl

ATARNA

www.virk.is

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR




## Mál Guðnýjar þykir svipað Steubenville-málinu

Máli Guðnýjar þykir svipa til Steubenville-málsins svokallaða vegna viðbragða samfélagsins á Húsavík við dóminum.

Í Steubenville voru tveir ungir menn dæmdir vegna hrottalegrar nauðgunar á áfengisdauðri stúlku. Aktívistahópurinn Anonymous birti myndband af verknaðinum á vefsíðu en myndbandið þykir einkar ógeðfellt. Enginn vafi lék á sekt ungu mannanna, þrátt fyrir það skiptist bæjarfélagið Steubenville upp í fylkingar með og á móti fórnarlambinu. Eftir að dómur féll í máli þeirra þótti umfjöllun stórra miðla líkt og CNN endurspegla þau viðhorf sem fórnarlömb kynferðisbrota búa við þar sem einblínt var á brostnar framtíðarhorfur gerendanna en ekki þolendanna. Málið vakti heimsathygli.




# DEWALT HÖRKUTÓL
## á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2

**KR. 29.900.-**



18V Hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
Led ljós

**KR. 59.900.-**



18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

**KR. 49.900.-**



Ryksuga
Afl : 1200W
Loftflæði l/min: 3420
Tankur: 45l
Þyngd: 11kg

**KR. 97.900.-**



Myndavél 10,8V
Þráðlaus skjár
1 rafhlaða og
hleðslutæki
Krókur og segull á
myndavél fylgir

**KR. 99.900.-**



3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir

**KR. 79.900.-**



Sleðasög
Afl 1300W
Blað 165mm
Þyngd 5,1 kg
1,5 m sleði fylgir

**KR. 99.900.-**



Slípirokkur
Afl : 850 W
Skífur : 125mm
Sn/mín : 10.000
Þyngd : 2,1 kg

**KR. 13.900.-**



2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á
mótttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3mm/m

**KR. 39.900.-**



Höggborvél
Afl:650W
Kraftur:2,4j
sn/mín: 0-1550
Þyngd: 2,3 kg

**KR. 28.900.-**



Veltisög
Afl: 2000 W
sn/mín : 2850
Blað : 250mm
Þyngd: 37kg

**KR. 119.900.-**



Hleðsluútvarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla

**KR. 45.900.-**

## SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63722 04/13

NEWARK ER NÝR ÁFANGASTAÐUR ICELANDAIR

# START SPREADING THE NEWS

## ALLT AÐ 14 FLUG Á VIKU TIL NEW YORK BORGAR



**Reglulegt áætlunarflug frá og með 28. október**
Enn stígur Icelandair stórt skref fram á við í þjónustu við farþega og ferðaþjónustuaðila á Íslandi. Áætlunarflug til Newark-flugvallar skapar félaginu og íslensku ferðaþjónustunni ný markaðstækifæri, eykur sveigjanleika og fjölbreytni fyrir farþega, styrkir tengiflug Icelandair yfir Norður-Atlantshaf og opnar ný markaðssvæði í Bandaríkjunum fyrir ferðaþjónustu á Íslandi.

**Stærsta flugáætlun í sögu Icelandair**
Reglulegt áætlunarflug til Newark kemur til viðbótar áætlunarflugi Icelandair til JFK-flugvallar sem félagið hefur flogið til í 60 ár. Newark-flugvöllur er ellefti áfangastaður Icelandair í Norður Ameríku og 36. staðurinn í leiðakerfinu á þessu ári. Flugáætlun Icelandair fyrir árið 2013 er nú sú stærsta í sögu félagsins og um 15% umfangsmeiri en á síðasta ári.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Réttur sauðkindarinnar er enn of ríkur:

# Almannahagur í Almenningum

Regluverkið á Íslandi endurspeglar stundum veruleika sem er horfinn eða á hröðu undanhaldi. Gott dæmi er hinn sterki réttur sauðkindarinnar og eigenda hennar. Enn þá er gengið út frá því að hagsmunir sauðfjárræktar séu jafnríkir og þegar hún var einn helzti undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Lausaganga búfjár fæst ekki bönnuð, sem veldur annars vegar slysahættu og hins vegar því að þeir sem vilja verja landareignir sínar fyrir ágangi búfjár þurfa að standa sjálfir straum af kostnaði við það. Skógarbændur og aðrir landeigendur sem ekki halda búfé eru látnir taka þátt í kostnaði við haustsmölun á fé sauðfjárbænda og þannig mætti áfram telja.

Anga af þessu fyrirbæri má sjá í máli sem Fréttablaðið fjallaði um í gær; deilu Landgræðslu og Skógræktar ríkisins við sveitarfélagið og sauðfjárbændur í Rangárþingi eystra um nýtingu afréttarins Almenninga. Svæðið, sem var illa farið af gróðureyðingu, hefur verið friðað fyrir beit í rúmlega tuttugu ár. Uppgræðslustarf hefur meðal annars leitt af sér að birkiskógur hefur breiðzt út.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Engu að síður telja hvorki Landgræðslan né Skógræktin að þar megi leyfa beit á ný. Í beitarþolsmati sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri vann fyrir skömmu segir að aðeins um þrettán prósent svæðisins geti talizt gróin. Afrétturinn sé alls ekki beitarhæfur og mikilvægt að hann njóti friðunar áfram næstu áratugina, meðal annars til að sá mikli kostnaður og vinna sem farið hefur í uppgræðsluna fari ekki í súginn.

Meirihluti svokallaðrar ítölunefndar, sem lögum samkvæmt á að ákveða hvað sé hæfilegt beitarálag, lætur í úrskurði sem felldur var í síðasta mánuði nánast eins og úttekt Landbúnaðarháskólans sé ekki til. Þar komust fulltrúi sýslumanns og Bændasamtakanna alltént að þeirri niðurstöðu að svæðið þyldi talsvert beitarálag.

Þeir leggja meira að segja til að „uppgræðslu á afréttinum verði haldið áfram samfara beitinni enda muni afrétturinn bera fleira fé með slíkum aðferðum“. Skattgreiðendur niðurgreiði með öðrum orðum gras og birkisprota ofan í sauðfé Eyfellinga!

Í þessu máli takast á tvenns konar hagsmunir. Annars vegar bænda, sem vilja viðhalda réttinum til að nytja afrétt á viðkvæmu og lítt grónu landi. Hins vegar eru hagsmunir almennings og náttúrunnar hvað varðar uppgræðslu, útivist og jafnvel heilbrigði, því að gróður á þessu eldfjallasvæði getur hindrað öskufok. Við bætist að verði beit leyfð í Almenningum þarf með ærnum tilkostnaði að reisa girðingar til að hindra að sauðféð komist inn í friðlandið í Þórsmörk, sunnan afréttarins.

Undanfarna áratugi hefur beitarálag í landinu minnkað samfara mikilli fækkun sauðfjár og landgæði víða verið endurheimt. Flestum finnst það mikilsverður árangur. Almenningamálið sýnir okkur þó að hann er ekki fastur í hendi.

Spyrja má hvort eitthvað komi í veg fyrir að til dæmis samfara velgengni í útflutningi lambakjöts vilji bændur fjölga fé á ný og nýta þá aftur beitilönd sem hafa fengið að vera í friði um skeið, eins og Almenninga. Tryggir núverandi regluverk nógu vel að annarra hagsmuna sé gætt ef sú staða kemur upp?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

LÉTT OG SKEMMTILEG STEMNING Í HÁDEGINU

Rólegt umhverfi, úrvals hráefni, ljúffengur matur og lipur þjónusta gera hádegið fullkomið.



NAUTHÓLL Bistro

FYRSTA SVANSVOTTAÐA VEITINGAHÚSIÐ Á ÍSLANDI

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | S. 599 6660

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Internetið og kýlingar

Píratar hafa komið sem ferskur vindur inn í íslensk stjórnmál, en þeirra helstu áherslumál snúa að internetinu. Þeim er þó ekkert mannlegt óviðkomandi, eins og sást á Facebook-síðu Smára McCarthy, eins framjóðenda flokksins, í gær. „Píratar með stefnumál í kosningu um að afnema eigi bann við hnefaleikum og öðrum bardagaíþróttum. Fólk á að ráða sér sjálft, jafnvel ef það hefur áhuga á að láta kýla sig sér til dægrastyttingar.“ Þetta er gott og blessað og má segja að það sé í anda stefnu flokksins að berjast bæði fyrir frelsi á netinu og frelsi til að láta kýla sig, jafnvel væri hægt að sameina þetta tvennt í stefnuskrá flokksins og menn geta notað netið til að verða sér úti um kýlingar.



### Með boxhanskann á púlsinum

Nú er það hins vegar svo að bann við hnefaleikum var aflagt árið 2002. Það lýtur vissulega aðeins að ólympískum hnefaleikum og þar liggur kannski hundurinn grafinn. Það er kannski ekki nóg fyrir tölvuáhugafólkið í Pírötum að fólk láti kýla sig á ólympískan máta.

### Sjóræningjasigling Dögunar

Árni Páll Árnason skoraði á Sigmund Davíð Gunnlaugsson í kappræður og í anda þess hefur Dögun nú skorað á Píratana í siglingakeppni. „Dögun skorar á hvaða Píratakaptein sem er í siglingakeppni. Dögun mun útvega seglbátana og láta Pírötum eftir að velja stað og stund. Tekið skal fram að innan raða Dögunar er alvöru sjóræningi, en var það staðfest árið 2000, sem Dögun mun tefla fram í siglingakeppni gegn Pírötum.“ Undir þetta ritar Ásta Hafberg, framkvæmdastjóri Dögunar.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Evrópa á dagskrá!

STJÓRNMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Aðild að Evrópusambandinu er praktísk nauðsyn. Hún er engin hugmyndafræðileg meinloka. Hún er einfaldlega skynsamlegasta leiðin áfram fyrir metnaðarfulla norræna velferðarþjóð sem býr við gjaldeyrishöft og ógjaldgengan gjaldmiðil, en vill opið hagkerfi og njóta sambærilegra lífskjara og nágrannaþjóðirnar.

Hugmynd sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna getur aldrei gengið upp sem leið til að ákveða stöðu okkar í Evrópu. Það er hrein veg-leysa ef þessir flokkar, sem ekki telja hagsmunum þjóðarinnar best borgið með aðild, verða í ríkisstjórn og eiga nauðugir að leiða aðildarviðræður sem þeir hafa enga trú á. Bjarni Benediktsson hefur margsagt að ófært sé að VG leiði samninga um einstök efnisatriði aðildarsamninga, því flokkurinn styðji ekki aðild. Sama hlýtur að eiga við um hann sjálfan. Ef Framsókn og Sjálfstæðisflokkur sitja í ríkisstjórn geta þeir ekki leitt aðildarumsókn með þessum rökum. Ef þjóðin kýs að halda áfram aðildarviðræðum fæli sú niðurstaða því í reynd í sér vantraust á ríkisstjórn gömlu flokkanna og þeir þyrftu að veita minnihlutastjórn Samfylkingarinnar, sem leiddi aðildarviðræðurnar, hlutleysi.

**➜ Um leið og þeir liggja fyrir viljum við samþykkja frumvarp til breytinga á stjórnarskrá, til að uppfylla skilyrði aðildar og rjúfa þing og leggja allan pakkann …**

Eina skynsamlega leiðin er að ljúka samningum eins hratt og kostur er undir forystu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn og gefa þjóðinni kost á að kjósa þá strax um þá efnislegu niðurstöðu.

Margir styðja Evrópusambandsaðild en trúa því að það sé hægt að kjósa gömlu loforðaflokkana og halda svo áfram í rólegheitum með aðildarumsóknina. Svo er ekki. Ef Framsókn og Sjálfstæðisflokkur fá umboð til að gera það sem þeir segjast ætla að gera tökum við ekki upp evru í áratugi.

Því er Samfylkingin tilbúin að leggja alla áherslu á aðildarumsóknina: Við viljum ljúka samningum svo fljótt sem unnt er. Um leið og þeir liggja fyrir viljum við samþykkja frumvarp til breytinga á stjórnarskrá, til að uppfylla skilyrði aðildar og rjúfa þing og leggja allan pakkann – og okkur sjálf – í dóm þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæði og þingkosningar í einu. Það hljóta allir flokkar að geta fallist á.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

grænn apríl
Umhverfisátak


Málþing um grænan opinberan rekstur fer fram í fyrramálið á Grand hóteli. Velt verður upp þeirri spurningu hversu vistvænn opinber rekstur er nú og hvert skal stefna? Farið verður yfir helstu niðurstöður könnunar sem gerð var hjá forstöðumönnum stofnana í ársbyrjun og rætt um nýja stefnu um grænan ríkisrekstur.


Er rakastigið of hátt?
VIFTUR
hljóðlátar - öflugar - rakastýrðar
íshúsið
kæling | loftræsting | hitun
www.viftur.is





praxis
...þegar þú vilt þægindi

**Boston**
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47
Verð: 12.900 kr.

**Lissabon**
**Dömusandalar m/ frönskum rennilás**
Efni: leður
litur: Hvítt, Rautt, Svart
st. 36-42
Verð: 9.990 kr.

**California**
(afrafmagnaðir)
Efni: Leður
Litur: Svart, Hvítt
St. 35-46
Verð: 16.900 kr.

**Paris**
leður
Svart, Hvítt, Blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 12.900 kr.

**Verona**
Svart, Hvítt
st. 36-41
Verð: 9.500 kr.

**Dömusandalar m/frönskum rennilás**
Efni: gervileður
Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt
St. 36-42
Verð: 7.900 kr.

**Boníto ehf. • Praxis**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is**
**Opið mán. – fös. kl. 11–17. Laugardaga kl. 11-15**



**Parísartízkan**
**fagnar 50 ára afmæli**

**15% afsláttur**
af yfirhöfnum þessa vikuna

**50% afsláttur**
af völdum vörum í verslun

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770






# STRÁKAR BURSTA SÍÐUR TENNUR

**TÖLUR OG TENNUR** *Í samantektarskýrslu norræns starfshóps um tannheilsu kemur ýmislegt fróðlegt fram um tannheilsu Íslendinga. Helga Ágústsdóttir, tannlæknir og doktor í faraldsfræði, er fulltrúi Íslands í starfshópnum.*

Á Íslandi er lægsta hlutfall 12 ára barna án skemmda í tönnum á Norðurlöndum, eða 39 prósent, sem er langt fyrir neðan Danmörku sem var á toppnum með 70 prósent barna án skemmda. Helga setur þó fyrirvara við þessar niðurstöður. „Tölurnar verða að skoðast í því samhengi að okkar rannsókn var gerð árið 2005 en tölur frá hinum Norðurlöndunum byggja á nýrri gögnum."

Á Íslandi voru börnin valin í slembiúrtaki, skoðuð af sérþjálfuðum tannlækni og metin út frá ákveðnum forsendum. „Fimm prósent voru svo metin aftur til að kanna áreiðanleika fyrri skoðunar sem reyndist mjög mikill." Þannig má leiða líkur að því að íslenska rannsóknin sé jafnvel áreiðanlegri en rannsókn hinna Norðurlandana. „Þar koma tölurnar frá mörgum tannlæknum, sem eykur líkur á misræmi, og einungis eru upplýsingar um þau börn sem komu til tannlæknis." Íslenska rannsóknin nær hins vegar til allra hópa samfélagsins, líka þeirra sem ekki fóru til tannlæknis. „Ég vil því meina að við séum nær sannleikanum en hin Norðurlöndin því við gerðum vandaða rannsókn. Við höfum verið að reyna að fá fjármagn til að gera nýja rannsókn og uppfæra þessar tölur en það er erfitt að sækja fé um þessar mundir. Þannig er framkvæmd rannsóknarinnar mjög vönduð en aldur upplýsinganna er ekki í takt við hin Norðurlöndin sem við berum okkur saman við."

Strákar bursta síður tennur en stelpur og drekka meira gos en þær samkvæmt skýrslunni. „Þetta er auðvitað mjög sláandi og umhugsunarefni fyrir þá sem sjá um forvarnarfræðslu. Ég held að við þurfum að læra eitthvað af þessu og beita öðrum aðferðum við að ná til strákanna."

Um þessar mundir standa yfir samningaviðræður við tannlækna og er Helga vongóð um að fljótlega náist samningar. „Náist þeir mun tannlæknaþjónusta verða endurgjaldslaus fyrir börn fyrir utan fast komugjald. Þetta mun þó gerast í þrepum og stefnt er á að byrja á að taka fyrst inn 12-18 ára ásamt þriggja ára börnum og bæta tveimur árgöngum við á hverju ári. Árið 2018 myndu svo öll börn frá 0-18 ára njóta endurgjaldslausrar tannlæknaþjónustu. Þangað til fengju hin börnin svipaða niðurgreiðslu og er í dag." ■ **vidir@365.is**

**VANTAR NÝ GÖGN** Helga segir nauðsynlegt að gera nýja rannsókn á tannheilsu barna á Íslandi líkt og gert var í Munnís-rannsókninni 2005. Það hefur þó reynst erfitt að sækja fé til slíkra rannsókna. MYND/STEFÁN




Stuðnings-stöngin
# LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
*...léttir þér lífið*
*Sími 856 3451 • www.vilji.is*

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.









# HOLLUR SAFAKÚR

**HAPP KYNNIR** *Safakúr í nokkra daga hreinsar líkamann. Lukka Pálsdóttir hjá Happi segir fólk finna mikinn mun á líðan sinni eftir nokkra daga.*

Lukka segir að kannski mætti kalla safakúrinn vorhreingerningu líkamans. „Þegar vorar í lofti klæðir fólk sig öðruvísi og fer þá að hugsa um línurnar. Þá er ágætt að taka sér tak og skipta um gír eftir mikið sykurát um páska. Hægt er að núllstilla líkamann og losna við sykurþörfina," útskýrir hún.

„Þrjár gerðir eru af safakúrum, litrík hreinsun, en þá er miklu af ávöxtum og grænmeti blandað í drykkina. Síðan græn hreinsun, en sá safi er basískari og getur verið meira krefjandi fyrir fólk sem hefur mikla sykurþörf. Einnig erum við með chia-drykk en í honum eru chia-fræ sem eru ákaflega prótínrík og rík af ómega-3. Chia-fræin eru öflug við að koma meltingunni í lag. Kúrinn stendur í nokkra daga en við mælum með fimm dögum. Á þriðja degi fer fólk að finna fyrir jákvæðum breytingum á meðan fyrstu tveir dagarnir eru erfiðari. Á fjórða og fimmta degi fer fólki síðan að líða mjög vel," segir Lukka.

„Það kemur fólki yfirleitt á óvart hversu auðvelt það er að fara í svona hreinsun. Þetta er ekki svelti heldur mjög næringarríkur kúr. Sumir telja að þeir verði orkulausir og geti ekki stundað hreyfingu samfara safakúrnum en staðreyndin er sú að fólk verður orkuríkara. Sumir fá vissulega fráhvarfseinkenni þegar þeir hætta að borða sykur og drekka kaffi. Það gengur yfir á tveimur sólarhringum. Það eru sex gerðir af söfum, hver er hálfur lítri og það er fínn dagskammtur. Einnig er gott að drekka sítrónuvatn að auki eða góð lífræn jurtate."




Happ selur matarpakka sem henta vel fyrir og eftir safakúrinn. „Sú leið er ákaflega árangursrík og jafnvel svo árangursrík að við bjóðum endurgreiðslu ef fólk er ekki ánægt," segir Lukka og gefur hér uppskrift að heilsudrykk.




**GÓÐ HEILSA** Lukka segir þá sem prófa safakúrinn finna mikinn mun á líðan sinni.
MYND/VALLI




### MINN SAFI

1/2 lárpera
2-3 græn epli
1 sítróna
Góðir 2 þumlar engifer
1 handfylli klettasalat
Pressaðu safann úr eplunum og engiferrótinni. Settu annað hráefni í blandara ásamt klaka. Blandaðu vel og njóttu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# SUMARDEKK
## & BÍLAR

**Kynningarblað** Jeppadekk, umboðssala á dekkjum, hjólbarðaverkstæði, gæðavottun, reynsluakstur, Oldsmobile 442 fornbíll og fjórðungsaukning í bílasölu.




Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði



Umboðsmenn um land allt

Nánari upplýsingar á benni.is

# Er sumarið komið í umferð hjá þér?

## Bjóðum frábært úrval og aðstoð fagmanna. Erum með umboðsmenn um land allt.

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna vitum að mikill eðlis- og gæðamunur er á milli þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika
***- það er öruggast.***



TOYO TIRES
driven to perform



MAXXIS



BFGoodrich Tires
TAKE CONTROL



INTERSTATE TIRES

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Nesdekk - Dekk, smur og smáviðgerðir**
Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjavík • Grjóthálsi 10 • Sími: 561 4200
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

**Bílabúð Benna - Dekkjaþjónusta**
Reykjavík • Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000




Sannarlega fullvaxinn fjölskyldubíll, Opel Insignia. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fríður, stór en kattliðugur

Þrælöflugur með tveggja lítra dísilvél og skilar 195 hestöflum með aðstoð tveggja forþjappa.

Nú þegar Opel-merkið er aftur orðið sýnilegt hér á landi er skemmtilegt að sjá að Opel-bílar hafa selst bara ágætlega nú í byrjun árs, en samkvæmt skráningu Umferðarstofu hafa verið skráðir þrettán nýir Opel-bílar. Einn þeirra bíla sem vinsælastur er hjá Opel er stóri fjölskyldubíllinn Opel Insignia.

Reyndur var langbaksgerð hans með öflugri tveggja lítra dísilvél og mjög vel búinn bíll að öllu leyti. Insignia er reyndar stór bíll, hvort sem er af venjulegri gerð eða sem langbakur. Báðar gerðir eru mikið fyrir augað, enda hefði ljótur bíll vart verið kjörinn bíll ársins í Evrópu árið 2009. Insignia er því langt frá því ný teikning en ári flott samt. Þar stendur kraftalegur bíll með bólgnum en vel formuðum línum.

### Frábær sæti en of lágt til lofts

Þegar inn í bílinn er komið blasir ekki verra við, en reyndar var reynsluakstursbíllinn með sérstökum loftkældum leðursportsætum sem líta dásamlega út. Hann var reyndar líka með glerþaki og þar kemur einn af hönnunargöllum bílsins í ljós. Báðum megin við glerið er þakið svo mikið tekið niður að meðalmaður rekst upp í nema stilla sætið í neðstu stöðu, sem er ekki endilega kostur margra. Hávaxinn farþegi varð reyndar að halla sæti sínu svo mikið að hann lá hreinlega í bílnum. Synd fyrir svo flottan bíl, en fyrir vikið er ekki hægt að mæla með því að taka bílinn með glerþaki (panorama). Innréttingin í bílnum er lagleg og greinilega vel smíðuð, að hætti Opel, en hún fær heldur engin fegurðarverðlaun og er frekar lágstemmd. Þar sem Insignia er stór bíll er pláss í aftursæti einkar gott og rúmt og sætin þar góð. Skottið er að sama skapi nokkuð stórt, en þó er gólfið ansi hátt og plássið milli hliða ekki mikið og ekki alveg í samræmi við lengd skottsins. Fyrir vikið er heildarplássið nokkuð langt frá því sem heildarlengd bílsins gefur til kynna. Geymsluhólf og drykkjarstæði eru mörg og úthugsuð. Insignia er með miklum staðalbúnaði og að því leytinu skyldari japönskum en þýskum bílum að ekki þarf að sérpanta mikinn búnað þótt markið sé sett hátt. Meðal staðalbúnaðar



Lagleg en frekar lágstemmd innrétting og vel smíðuð að hætti Opel.

**Opel Insignia**

**2,0 dísilvél**
**2 forþjöppur**
**195 hestöfl**
**Fjórhjóladrif**

| | |
|---|---|
| **Eyðsla:** | **6,6** l./100 km í bl. akstri |
| **Mengun:** | **174** g/km CO2 |
| **Hröðun:** | **8,8** sek. |
| **Hámarkshraði:** | **229** km/klst. |
| **Verð:** | Frá **6.690.000** kr. |
| **Umboð:** | Opel á Íslandi (BL) |

**GALLAR**
Lágt til þaks, vélarhljóð, dýr í bestu útfærslu

**KOSTIR**
Fagur sýnum, mikið rými, góðir akstureiginleikar




Einstaklega góð sæti, sem títt er í Opel-bílum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er upphitað stýri, aksturstölva, tölvustýrð miðstöð, loftkæling, rafmagnshandbremsa, regnskynjari og upphitaðir og aðdraganlegir speglar.

### Öflug dísilvél og fjórhjóladrif

Í reynsluakstursbílnum var ansi öflug dísilvél, tveggja lítra en með tveimur forþjöppum og skilar hún 195 hestöflum. Afl fer til allra hjólanna og fyrir vikið er þessi bíll kjörinn fyrir íslenskar aðstæður og ferðalög. Fjórhjóladrif, gott afl og mikið pláss gera þennan bíl að ákjósanlegum ferðafélaga. Það var að nokkru reynt með stuttri ferð til nágrannasveitarfélags og þá gafst kostur á að sjá hvort bíllinn væri að auki sparneytinn á lengri ferðum. Uppgefin eyðsla hans í blönduðum akstri er 6,6 lítrar, en sú tala náðist reyndar ekki í langkeyrslu þótt hoggið hafi hann nærri því. Bíllinn var hins vegar afskaplega ánægjulegur í slíkum akstri og fjöðrun hans er til fyrirmyndar. Vélin er skemmtilega öflug með sín 195 hestöfl og nýta má afl vélarinnar á bestan hátt með sport-stillingu. Eins og títt er þó með dísilvélar er tog hennar gott upp að 4.000 snúningum en hún deyr dálítið eftir það og því er betra að gíra upp og finna topp togkúrfunnar aftur í næsta gír. Stýringin í Insignia er nákvæm og tilfinning fyrir vegi ágæt, en það finnst þó að bílinn sé stór og þungur, en reynsluakstursbíllinn var 1.843 kíló. Það skal þó áréttað að Insignia er frábær akstursbíll og erfitt er að finna samkeppnisbíla hans hvað stærð og verð varðar sem skemmtilegra er að aka. Eitt af því sem ætti að einkenna svo stóran bíl sem lagt er svo mikið í er hljóðeinangrun, en þar er örlítið ábótavant hjá Insignia og vélarhljóð berst heldur of mikið inn í farþegarýmið. Bremsur Insignia eru mjög góðar og pedalatilfinning hárrétt stillt.


Langt skott en hátt gólf og skert rými til hliða minnkar flutningsgetuna.

## ÓDÝR Í GRUNNÚTFÆRSLU

**Opel Insignia** er velkomin viðbót við stærri fjölskyldubíla. Hann vekur athygli fyrir fegurð og kraftalegt útlit og stærð hans er mörgum fjölskyldunum fagnaðarefni. Verð á Insignia Sedan er mjög gott, en ódýrasta gerð hans er á 5.090.000 kr. Opel Insignia 4x4 Sport Tourer með 195 hestafla vél er þó á 6.690.000 kr. og sjálfskipting og nokkrir konfektmolar sem hent var í reynsluakstursbílinn hleypir honum í 8.220.000 kr. Þá er kannski ekki lengur hægt að tala um ódýran bíl, en sannarlega er hann vel búinn og flottur. Þó má fá þennan fríða skutbíl með sömu öflugu vélinni og sjálfskiptan frá 7.450.000 kr.

## Mikið verðbil

**Ódýrasta útfærsla** Insignia kostar
5.090.000
en reynsluakstursbíllinn
8.220.000 krónur



# Fjórðungsaukning í bílasölu á árinu

Alls seldust 1.333 bílar fyrstu 3 mánuði ársins. Toyota áfram söluhæsta merkið en Volkswagen bítur í hælana og Chevrolet vermir þriðja sætið.

Margir hafa eflaust vonast eftir enn fjörugri sölu nýrra fólksbíla í byrjun árs en nú er raunin. Engu að síður hafa selst 1.333 bílar þessa fyrstu þrjá mánuði og þar af 493 í nýliðnum mars. Þessi sala er 24,5% meiri en á sama tíma í fyrra, en þá seldist 1.071 bíll fyrstu þrjá mánuði ársins. Meiri aukning sást eftir fyrstu tvo mánuði ársins en nú eftir þrjá. Því hefur örlítið hægt á þeirri ágætu aukningu sem sást í byrjun árs. Búast má við stærri sölumánuðum á næstunni með tilkomu fleiri bílaleigubíla, hækkandi sól og endurreikninga bankanna á bílalánum.



Óseldir bílar bíða nýrra eigenda.

### Toyota söluhæsta merkið

Eins og oft áður er Toyota söluhæsta bílamerkið með 170 selda bíla. Rétt á eftir kemur Volkswagen með 167 bíla og í þriðja sæti Chevrolet með 137 bíla selda. Þar á eftir koma svo Skoda með 113 bíla, Honda og Kia bæði með 94, Hyundai með 91, Ford 69, Suzuki 48, Mazda 42 og Nissan með 37.

### Hekla söluhæsta umboðið

Af einstaka umboðum er Hekla söluhæst með 321 seldan bíl, BL hefur selt 242 bíla og Toyota/Lexus 176 bíla. Brimborg hefur selt 151 bíl, Bílabúð Benna 138, Askja 127, Bernhard 103 og Suzuki 48 bíla. Söluhlutdeild Heklu er því 24%, BL er með 18% markaðarins, Toyota 13%, Brimborg 11%, Bílabúð Benna 10% og Askja örlitlu minna.

### Benz hæstur lúxusmerkja

Sala lúxusbíla er eðli efnahagsins vegna ekki stórkostleg en samt hafa selst 33 Mercedes Benz-bílar, Audi-bílar eru 32, Volvo 19, BMW 16, Land Rover 12, Lexus sex talsins og einn Porsche. Að auki hafa 22 bílar af gerðinni Toyota Land Cruiser 150 selst og fimm Land Cruiser-bílar af 200 gerð. Þeir gætu hæglega fallið í þennan flokk.

## *Rafdrifinn Lotus Exige frá Detroit*

Fáir kannast eflaust við bílafyrirtækið Detroit Electric, en það framleiddi 13.000 rafmagnsbíla í byrjun síðustu aldar og hvarf svo hressilega af radarnum. Nú hefur Detroit Electric aftur hafið framleiðslu rafmagnsbíla og hér sést þeirra fyrsta afurð í langan tíma, SP:01. Eins og glögglega sést er þessi rafmagnsbíll byggður á Lotus Exige og er ástæða þess sú að sá sem nú endurvekur Detroit Electric, Albert Lam, var einn af yfirmönnum Lotus. Detroit Electric ætlar að framleiða 2.500 svona bíla á ári sem tryggir 180 manns vinnu. Detroit Electric ætlar þó ekki að láta þar við sitja því tvær nýjar gerðir bíla verða kynntar á næsta ári.

### Léttur, snöggur og hraðskreiður

SP:01 er með yfirbyggingu úr koltrefjum og í innréttingunni ber mest á enn meiri koltrefjum og svörtu leðri. Bíllinn verður enginn aukvisi því hann kemst í hundraðið á 3,7 sekúndum og hámarkshraðinn er 250 km/klst. Bíllinn er með tvær 37 kWh rafhlöður sem senda 201 hestafl til afturhjóla bílsins og hann á að komast 290 km á fullri rafhleðslu. Það mun taka ríflega fjóra klukkutíma að fullhlaða rafhlöðurnar. SP:01 bíllinn er léttur og vegur aðeins 1.090 kíló, en það skýrir að hluta til snerpu hans og drægni.




# Dekkjasalan – Ný dekk og pólýhúðun

Það tók blaðamann smá tíma að finna Dalshraun 16 í Hafnarfirði þar sem Dekkjasalan ehf. er til húsa. Starfsmenn fyrirtækisins brostu í kampinn þegar blaðamaður tjáði þeim raunir sínar og Valdimar Sigurjónsson forstjóri sagði að gárungarnir kölluðu þetta „Týndahraun".

Það er jákvætt fyrir okkur að vera hérna inni í portinu. Hér eru oft nokkur hundruð dekk á planinu í lok dags sem á eftir að skrá í sölu og koma á sinn stað en við erum með húsnæði hér í kring þar sem við geymum lager. Við ættum í erfiðleikum ef við værum til dæmis við umferðargötu," segir Valdimar.

Þrjú ár eru síðan Dekkjasalan ehf. opnaði umboðssölu þar sem fólk getur komið með dekk og felgur. Andvirði vörunnar er svo lagt inn á reikning söluaðilans að frádregnum sölulaunum. „Öll dekk og allar felgur sem koma til okkar eru skráð á sölusíðuna www.dekkjasalan.is þar sem fram koma allar upplýsingar. Til dæmis myndir, verð, lýsing, stærð, gerð, slit og fleira. Heimasíðan er uppfærð daglega," upplýsir Valdimar og bætir við að Dekkjasalan bjóði mjög breiða vörulínu í dekkjum. „Við erum með nokkrar tegundir af nýjum dekkjum og svo mismikið notuð dekk þannig að allir geta fundið eitthvað við hæfi, bæði hvað varðar gæði og verð."

### Umsýsla og pólýhúðun á felgum

Blaðamaður veitti eftirtekt þeim ótalmörgu felgum sem voru í húsinu. „Þegar við opnuðum byggðist hugmyndin að miklu leyti upp í kringum dekk. Strax kom þó í ljós að mikil þörf var á umsýslu með felgur. Fljótlega var lagerinn hjá okkur kominn í tvö þúsund felgur og þá settum við aukinn kraft í að mæta þeirri eftirspurn með aukinni þjónustu. Við gerðum samning við Hagstál ehf. um að pólýhúða og erum með sérstaka liti sem við höfum þróað með þeim og okkar viðskiptavinum," segir Valdimar.

### Felgurnar 90% af útliti bílsins

Snorri Hermannsson kom til liðs við Dekkjasöluna á síðasta ári. Hann hefur um 30 ára reynslu úr dekkjageiranum. Að sögn Snorra er Dekkjasalan frábrugðin hefðbundnu dekkjaverkstæði á margan hátt. „Hér er mun fjölbreyttari starfsemi en á hefðbundnu dekkjaverkstæði t.d. hvað varðar felgurnar og þjónustuna í kringum þær. Við erum til dæmis að bjóða okkar viðskiptavinum heildarlausn þegar kemur að pólýhúðun sem hefur vantað á markaðinn. Við lánum viðskiptavinum felgur og dekk meðan verið er að pólýhúða felguganginn þeirra, þannig að bíllinn er ekki stopp á meðan," segir Snorri en þjónustan hefur mælst mjög vel fyrir. „Margir segja að felgurnar séu níutíu prósent af útliti bílsins og ég get verið sammála því. Svipurinn á bíleigandanum þegar nýpólýhúðaðar felgur eru komnar undir bílinn hjá þeim er allavega í samræmi við það," bætir Snorri við.



Valdimar Sigurjónsson og Snorri Hermannsson stilla sér upp með nokkrum sýnishornum af söluvörum. MYND/VILHELM

**Vöruhús Dekkjasölunnar** er að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði og er opið frá klukkan 8 til 18 virka daga og frá 10 til 16 á laugardögum. Síminn er 587-3757. Einnig er hægt að hafa samband gegnum tölvupóst á netfanginu **dekkjasalan@dekkjasalan.is**



Dekkjasalan er með umboðssölu á felgum. Auk þess bjóða þeir upp á að láta pólýhúða eldri felgur svo þær verða eins og nýjar. Viðskiptavinir fá þá lánuð dekk meðan verið er að pólýhúða felguganginn.

# Gæði, þekking og þjónusta hjá N1

Viðskiptavinir N1 njóta fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu á verkstæðum fyrirtækisins. N1 býður upp á úrval sumarhjólbarða frá traustum framleiðendum. Hjólbarðaverkstæði N1 eru átta talsins og hafa þau öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin.

N1 býður bíleigendum upp á úrval gæðahjólbarða frá þekktum og traustum framleiðendum og þjónustar bíleigendur með fjölbreyttri og góðri þjónustu á átta hjólbarðaverkstæðum. Sumarhjólbarðarnir sem N1 selur eru frá Michelin, Cooper og Kumho. Dagur Benónýsson, rekstarstjóri verkstæða N1, segir Michelin vera í fararbroddi í framleiðslu hjólbarða en hin merkin séu líka framúrskarandi traust og rótgróin. „Cooper eru einhver bestu jeppadekk sem völ er á samkvæmt minni reynslu og margra annarra. Við finnum hjá viðskiptavinum okkar að þeir kjósa yfirleitt gæði, endingu og öryggi umfram lágt verð.“



„Mikilvægt er að velja rétta hjólbarða með notkun bílsins í huga,“ segir Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri verkstæða N1. MYND/GVA

### Leitið til fagmanna

Dagur segir mikilvægt að leitað sé til fagmanna við val á hjólbörðum. N1 hefur á að skipa reynslumiklum starfsmönnum sem leiðbeina viðskiptavinum um val á hjólbörðum með tilliti til tegundar bifreiðar og notkunar hennar. „Við bjóðum einnig upp á úrval ódýrari hjólbarða þannig að allir ættu að finna sumarhjólbarða við hæfi hjá okkur. Mikilvægt er að velja rétta hjólbarða með notkun bílsins í huga. Þegar hjólbarðarnir eru komnir undir bílinn þarf að passa upp á loftþrýsting. Réttur loftþrýstingur getur til að mynda sparað mikið eldsneyti á ári hverju.“

Öll hjólbarðaverkstæði N1 bjóða auk þess upp á dekkjahótel þar sem viðskiptavinir geta geymt hjólbarðana sína gegn vægu gjaldi og nýtt um leið eigið geymslupláss í annað. Þessi þjónusta hefur fengið frábærar viðtökur. „Auk þess erum við með landsins mesta úrval af álfelgum. Við seljum meðal annars LF Works felgur frá Malasíu sem eru á mjög góðu verði. Þær hafa verið á markaðnum hérlendis í mörg ár og reynst mjög vel við okkar aðstæður.“




### Gæðavottuð verkstæði

N1 býður upp á fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu þar sem metnaður og reynsla starfsfólks endurspeglast í faglegum og öruggum vinnubrögðum. Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin en þá vottun fá eingöngu hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin að sögn Dags. „Þetta er annað árið í röð sem við fáum slíka gæðavottun og erum við mjög stolt af henni. Til þess að hljóta hana þurfa verkstæði að fara í gegnum mjög ítarlega skoðun hjá Michelin. Þetta tryggir auðvitað enn betri þjónustu gagnvart viðskiptavinum okkar.“

Fimm af verkstæðum N1 þjónusta allar stærðir bíla og öll verkstæði N1 bjóða upp á smurþjónustu, bremsuviðgerðir og smærri viðgerðir að sögn Dags. „Við leggjum áherslu á að þjónusta viðskiptavininn eins vel og hægt er.“

> Við leggjum áherslu á að þjónusta viðskiptavininn eins vel og hægt er.

### Fagleg og góð þjónusta

Gott verkstæði þarf að bjóða upp á faglega þjónustu. „Við búum svo vel að hafa gott og reynslumikið starfsfólk sem starfað hefur lengi hjá fyrirtækinu. Við leggjum einnig áherslu á endurmenntun starfsmanna okkar og þannig sækja þeir til dæmis reglulega námskeið hjá stærstu birgjum okkar. Þessa stöðuga endurmenntun og fræðsla skilar sér auðvitað í enn betra þjónustustigi.“

Verkstæði N1 eru einnig mjög vel útbúin þegar kemur að tækjakosti. „Við leggjum mikla áherslu á að vera með góðan og traustan tækjakost. Við flytjum inn og seljum tæki frá bestu og traustustu framleiðendum heims og höfum starfað með mörgum þeirra í áratugi.“

N1 hjólbarðaþjónusta býður upp á vegaaðstoð sem er opinn allan sólarhringinn 365 daga ársins. Er loftlaust? Er eldsneytislaust? Er bílinn rafmagnslaus? Var röngu eldsneyti dælt á tankinn? Hafðu samband í síma 660-3350 og við komum og aðstoðum.

Nánari upplýsingar má finna á www.n1.is.


VIÐ ÞÖKKUM ÖLLUM NÖGLUM Á ÍSLANDI VEL UNNIN STÖRF Í VETUR. SJÁUMST AFTUR 1. NÓVEMBER.




Á DEKKJAHÓTELI N1 BÝÐST ÞÉR AÐ GEYMA DEKKIN GEGN VÆGU GJALDI

ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ ÚRVAL AF DEKKJUM, FLJÓTA OG ÖRUGGA ÞJÓNUSTU HJÁ N1.

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA N1:

RÉTTARHÁLS 2 | 440 1326
ÆGISÍÐA 102 | 440 1320
BÍLDSHÖFÐI 2 | 440 1318
LANGITANGI 1A | 440 1378
FELLSMÚLI 24 | 440 1322
STÓRIHJALLI 2 | 440 1342
REYKJAVÍKURVEGUR 54-56 | 440 1374
GRÆNÁSBRAUT 552 - REYKJANESBÆR | 440 1372
DALBRAUT 14 - AKRANES | 440 1394
TRYGGVABRAUT 3 - AKUREYRI | 440 1438

N1
WWW.DEKK.IS
Meira í leiðinni




## TILKYNNING FRÁ ÖSKJU VEGNA INNKÖLLUNAR KIA-BÍLA

**Á Íslandi** eru 537 Kia-bílar sem falla undir innköllunina.

Hyundai og Kia munu innkalla 1,6 milljón bíla sinna á næstunni. Því vill Askja koma eftirfarandi á framfæri:

Kia Motors hefur tilkynnt um innköllun á ákveðnum gerðum Kia-bifreiða, vegna mögulegrar bilunar í rofa sem tengist hemlaljósum. Um er að ræða bifreiðar sem framleiddar voru á ákveðnu framleiðslutímabili, og er mestmegnis um að ræða bifreiðar framleiddar á árunum 2004–2010.

Alls verða innkallaðar um 126.000 bifreiðar í Evrópu, og af þeim eru 537 skráðar á Íslandi. Varahlutir vegna innköllunarinnar munu byrja að berast í maí og júní, og í framhaldi mun Bílaumboðið Askja kalla inn þær Kia-bifreiðar sem um ræðir, þar sem skipt verður um umræddan rofa, án kostnaðar fyrir eigendur bifreiðanna. Um er að ræða sjálfviljuga innköllun Kia Motors og verða upplýsingar sendar Neytendastofu þegar þær liggja endanlega fyrir.









# Lét gamlan draum loksins rætast

Hafði átt tvo Oldsmobile bíla áður en fannst Oldsmobile 442 alltaf flottastur.

Haustið 2012 lét Eiríkur Ingvarsson gamlan draum rætast og keypti Oldsmobile 442 fornbíl af árgerð 1969 frá Bandaríkjunum. Eiríkur hafði átt tvo Oldsmobile-bíla þegar hann var ungur. Eiríki fannst þó ávallt 442 bíllinn mest spennandi af öllum Oldsmobile-bílum. Stafirnir 442 standa fyrir fjögurra hólfa blöndung, fjögurra gíra skiptingu og tvöfalt pústkerfi. Oldsmobile 442 er sambærilegur bíll og Pontiac GTO og Chevrolet Seville SS, sannkallaður kraftabíll.

### Leitin hófst

Eiríkur hafði leitað, ásamt Brynjari syni sínum, að rétta bílnum á uppboðsvefnum Ebay en fékk svo Ingimar hjá IB á Selfossi í lið með sér og þá fóru hjólin að snúast. Tveimur mánuðum síðar var bíllinn kominn til landsins og á skráningarnúmerið X-442. „Það var mjög spennandi ferli að kaupa bílinn og ekki síður þegar við settum hann á lyftuna hjá IB og grandskoðuðum hann og í ljós kom að allt var meira og minna endurnýjað. Það er viss áhætta fólgin í því að kaupa bíl á þennan hátt og einhverjir hafa víst brennt sig á því,“ sagði Eiríkur.

### Er frá „musclecar“-tímabilinu

Oldsmobile 442 var fyrst framleiddur 1964 en það ár hófst einmitt svokallað „musclecar“-tímabil þar sem bandarískir bílaframleiðendur kepptu í hestaflafjölda, hraða og snerpu. Mælikvarðinn var hversu fljótir bílar voru í hundraðið eða hversu snöggir kvartmíluna. Hestöflum fjölgaði ár frá ári eða allt þar til um 1972 að farið var að spá í bensíneyðslu og mengun bíla. Framleiðslu Oldsmobile 442 var hætt árið 1985.

### Álíka flókið að gera við og hjólbörur

Tæknilega séð eru þessir bílar hálfgerðar risaeðlur miðað við bíla í dag og félagar Eiríks sem þekkja þessa bíla vel ganga að viðgerðum á þeim líkt og á hjólbörum. Eiríkur segir að það sem hann fái út úr því að eiga fornbíl sé að miklu leyti félagsskapur annarra bílaáhugamanna og bílaklúbbarnir, sem standa fyrir dagskrá allt árið. Þeir koma saman á bílunum á sumrin við ýmis tækifæri og þá er alltaf gaman. Það að fara á góðviðrisdegi á rúntinn og kaupa sér ís er einnig gefandi og þá er gjarnan spiluð önnur tónlist en hljómar vanalega í fjölskyldubílnum.

> **Það var mjög spennandi ferli að kaupa bílinn og ekki síður þegar við settum hann á lyftuna hjá IB og grandskoðuðum hann og í ljós kom að allt var meira og minna endurnýjað.**




Oldsmobile 442 er holdgervingur hestaflakeppni bandarísku bílaframleiðendanna.



Frá bílasýningunni í Fífunni í Kópavogi vorið 2011.

# Stór bílasýning í maí – Allt á hjólum 2013

Bílasýningar á vegum Bílgreinasambandsins voru algengar á árunum í kringum 1970-1984. Sambandið endurvakti þennan atburð vorið 2011.

Bílgreinasambandið stendur fyrir stórsýningu á bílum og tækjum í Fífunni í Kópavogi dagana 4.-5. maí næstkomandi. Sýnt verður á 4.000 fermetrum og eru sýnendur öll helstu bílaumboð landsins ásamt fyrirtækjum sem bjóða vörur og þjónustu sem á einn eða annan hátt tengjast farartækjum. Á sýningunni verður að finna nýjustu bílana á markaðnum auk þess sem fjölmargir bílar verða sérstaklega fluttir til landsins í tilefni sýningarinnar. Einnig verður að finna á sýningunni hjólhýsi, fellihýsi, fjármögnunarfélög sem sérhæfa sig í lánveitingum til bíla- og tækjakaupa og olíufélag, auk aðila sem bjóða upp á alls kyns rekstrarvörur sem og menntunaraðila í bílgreininni.

### Tíðar bílasýningar árin 1970 til 1984

Bílasýningar á vegum Bílgreinasambandsins voru algengar á árunum í kringum 1970-1984. Sambandið endurvakti þennan atburð vorið 2011 og komu þá alls um 15.000 gestir á sýninguna. Sýningarnar þá og í ár hafa það fram yfir fyrri sýningar að nú eru ekki einvörðungu sýndar bifreiðar, heldur einnig nýjungar og tengdar vörur eins og segir hér framar. Ásamt því að geta komið og skoðað það nýjasta á markaðnum geta sýningargestir fengið sér hressingu í veitingasölu og eflaust fundið sér eitthvað spennandi við hæfi og dáðst að glæsilegum farartækjum, ungir jafnt sem aldnir. Aðgangur að sýningunni er ókeypis og verður hún opin frá 11 til 18 laugardaginn 4. maí og 11 til 16 sunnudaginn 5. maí.

# *Dísilbílar sækja á vestanhafs*

Bílakaupendur í Bandaríkjunum eru í sífellt meira mæli að átta sig á kostum dísilvéla og kaupa sem aldrei fyrr. Fara þar bílar þýsku framleiðendanna fremstir í flokki því sala dísildrifinna bíla frá Audi, BMW, Benz, Porsche og Volkswagen hefur vaxið mjög hratt undanfarið. Skýrir það að stórum hluta söluaukningu þeirra í Bandaríkjunum. Hafa þessir framleiðendur kynnt marga nýja dísildrifna bíla sína fyrir kaupendum þar vestra og lítil eyðsla þeirra hefur heillað kaupendur. Telja stjórnendur þýsku framleiðendanna að innan tíðar verði allar þeirra gerðir bíla sem drifnir eru af dísilolíu og boðnar í Evrópu einnig í boði í Bandaríkjunum. Helsta ástæða þess er krafa yfirvalda um lækkun eyðslu og telja þeir að ómögulegt sé að ná þeim kröfum án þess að bjóða dísilbíla. Audi er að kynna bílana A8, A7 og A5 á bandaríska markaðnum og Porsche einnig Cayenne Diesel. Hjá Volkswagen voru 82% allra seldra Jetta-bíla vestanhafs í fyrra dísildrifin. Vandinn við að kaupa dísilbíl í Bandaríkjunum er þó enn sá að dísilolía er alls ekki seld á öllum eldsneytisstöðvum og það óttast kaupendur.



Audi A7 er einn þeirra bíla sem boðnir eru í Bandaríkjunum dísildrifnir.

# Miðstöð allra jeppamanna

Fagleg þjónusta, sérhæfing og reynsla einkennir alla starfsemi Arctic Trucks. Þar fást sérhönnuð íslensk dekk fyrir alvöru háfjallajeppa og ásamt hágæða amerískum jeppadekkjum í öllum stærðum.

Arctic Trucks hefur um árabil sérhæft sig í lausnum fyrir jeppa og ferðalög og býður flest það sem jeppaeigendur dreymir um. „Hér starfar fólk með mikla reynslu og veit upp á hár hvaða dekk henta hverjum jeppa eða jepplingi. Við leggjum gífurlega áherslu á faglega þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Þeim ætti að vera óhætt að treysta okkar fagfólki,“ segir Steinar Sigurðsson, sölustjóri Arctic Trucks.

Þótt Arctic Trucks sé þekktast fyrir að þjónusta stóra fjallatrukka er úrval dekkja þar mjög fjölbreytt. „Við erum með virkilega vönduð amerísk heilsársdekk frá Dick Cepek fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga sem hafa reynst vel við íslenskar aðstæður. Þau eru hljóðlát, slitsterk, með frábært veggrip. Þau eru auk þess neglanleg og það má míkróskera þau.“

Fyrir stærri bílana fást einnig dekk frá Dick Cepek í flestum stærðum, en aðalsmerki Arctic Trucks er AT405. „Það er 38 tommu dekk, hannað á Íslandi en framleitt fyrir Arctic Trucks hjá fjórða stærsta dekkjaframleiðanda Kína. Hönnunin byggir á reynslu íslenskra jeppamanna til fjölda ára.“ Dekkið er fyrir 12-14 tommu breiðar felgur og stendur í 38,1 tommu. Mynstrið er milligróft og stefnuvirkt með opnar rásir fyrir vatn og krapa. „Okkar viðskiptavinir hafa verið einstaklega ánægðir með þetta dekk sem endurspeglast í vinsældum þess.“



Hjá Arctic Trucks starfar fólk með mikla reynslu af þjónustu við jeppa sem veit upp á hár hvað hentar hverjum jeppa, segir sölustjórinn Steinar Sigurðsson.

Hjá Arctic Trucks er einnig þjónustuverkstæði þar sem boðið er upp á ástandsskoðun jeppa og fólksbíla. „Við gerum verðtilboð í viðgerðir, sé þess óskað, í framhaldi af skoðununum. Við tökum vel á móti fólki og á biðstofunni okkar er alltaf heitt á könnunni á meðan viðskiptavinir bíða.“




# Nýir bílar lækka í verði hjá Bílabúð Benna

Lækka frá 100-400 þúsund. Ástæðan er sterkara gengi íslensku krónunnar.

Vegna hagstæðara gengis krónunnar sér Bílabúð Benna sér fært að lækka verð á öllum nýjum Chevrolet-bílum. Verðlækkunin á Chevrolet er mismunandi eftir tegundum en getur numið allt að 400 þúsund krónum. „Tölur sýna að bílafloti landsmanna hefur verið að eldast mun hraðar en annars staðar,“ segir Benedikt Eyjólfsson, forstjóri Bílabúðar Benna. „Við finnum sterkt fyrir þörf hjá fólki til að endurnýja bíla sína og því er það ánægjulegt að fylgjast með styrkingu krónunnar undanfarið og geta látið íslenskra neytendur njóta þess.“




**Captiva lækkar um 400.000 krónur**

Chevrolet hefur verið að auka markaðshlutdeild sína jafnt og þétt með breiðari línu af Chevrolet-bílum. „Það eru margir spennandi hlutir að gerast hjá Chevrolet, en sem dæmi um verðlækkanir núna fer sjö sæta sjálfskipti dísiljeppinn, Chevrolet Captiva, úr kr. 6.890 þúsund niður í 6.590 þúsund og einn vinsælasti smábíllinn á landinu, Spark, kostar nú 1.790 þúsund.“

> **Við finnum sterkt fyrir þörf hjá fólki að endurnýja bíla sína og því er það ánægjulegt að fylgjast með styrkingu krónunnar undanfarið og geta látið íslenskra neytendur njóta þess.**
>
> *Benedikt Eyjólfsson*

# Ráðstefna um „verndandi vegi“

Michael Dreznes, virtur fyrirlesari um umferðaröryggi, fjallar um innviði samgöngumannvirkja.

Á ráðstefnu um „verndandi vegi“, sem verður haldin á Hótel Sögu í dag, heldur Michael Dreznes, varaforseti International Road Federation, fyrirlestur og kynnir nýjustu hugmyndir um öruggari vegi og um samtökin IRF.
Michael Dreznes er mjög virtur fyrirlesari um umferðaröryggi. Hann heldur námskeið víða um heim og kemur við á Íslandi á leið sinni til Brussel, þar sem hann verður með fyrirlestur og á fundi í tengslum við umferðaröryggismál.

**Markmiðið að fækka umferðarslysum um 50% fyrir 2020**

Hann hefur starfað í umferðaröryggisgeiranum í fjölda ára. Dreznes er í vinnuhópnum „Decade of Action“, átaki Sameinuðu þjóðanna fyrir Stólpa 2 sem fjallar um innviði samgöngumannvirkja.
Markmið áratuga aðgerða Sameinuðu þjóðanna er að fækka alvarlegum umferðarslysum um 50% á heimsvísu fyrir árslok 2020. Ísland er aðili að þessu verkefni og starfar nú vinnuhópur að því á vegum innanríkisráðuneytisins.





Michael Dreznes heldur fyrirlestur á Hótel Sögu í dag um umferðaröryggi.


*TÜV SÜD í Þýskalandi framkvæmdi viðamikla samanburðarrannsókn á eiginleikum eldsneytissparandi dekkja og var könnunin framkvæmd við fjölbreyttar aðstæður bæði í Þýskalandi og á Spáni.*

*Þessi rannsókn staðfesti árangur Yokohama:*

YOKOHAMA
-ótvíræður sigurvegari

*#1 Minnsta eldsneytiseyðslan*
*5% minni eldsneytiseyðsla en dekkið í öðru sæti.*
*#1 Hljóðlátasta dekkið*
*#1 Besta gripið á þurrum vegi*

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

SKEIFUNNI 5 581 3002 | SKÚTUVOGI 12 581 3022 | ÞVERKLETTUM 1 471 2002 | DRAUPNISGÖTU 5 462 3002

*sjá nánar á dekkjahollin.is*









GARÐLIST 554 1989

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

Get bætt við mig bókhaldi fyrir einyrkja og félög. Áralöng reynsla. S: 699-5023.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Nudd

Sulanuddstofan býður uppá slakandi heilsunudd. Opið frá 9-18 líka um helgar. Síminn er 771 2117.

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

Ertu aum/aumur í hálsi, höfði, mjóbaki þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. Gerður Ben nuddari S: 698 2260

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

## Snyrting

Viltu losna við bólur og hrukkur. Hvernig væri að prófa Dui cleaning tækið mitt ? Ókeypis prufutími. Sími 698 2260.

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Tímapantanir milli 14 - 20 alla daga.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Punnu mjúku peysurnar og slæður komnar í sumarlitum. Sími 695 6679 www.beautyinblack.is



**RÝMINGARSALA GREEN-HOUSE**
Opið alla þriðjudaga frá 13-19 og alla laugardaga 10-14. Fallegur fatnaður á frábæru verði. Gott úrval og alltaf bætist eitthvað nýtt við. Verið velkomin Green-house/Capri Collection Langholtsvegi 112B S.6952285

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun

**Kynlíf er GOTT!**
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

**JERA NUDDSTOFA**
Vinnur vinnuna sína að alúð og kærleika. Klassíst vöðvanudd, slökunarnudd. Sími 659 9277.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

2ja-3ja herbergja íbúð óskast sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 612 8581

## Sumarbústaðir

Skoða og verðmet sumarhús á S-landi. Mikil sala. Jón Rafn lögg. fasteignasali. S: 695 5520. Valhöll fasteignasala

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÓTELSTARF - MÓTTAKA OG MARKAÐSMÁL.**
Leitum að starfsfólki með góða tölvu og tungumálakunnáttu í móttöku Hótel Smára. Reynsla í markaðs og auglýsingarmálum kostur. Stundvísi og vönduð vinnubrögð áskilin.
**Sendið umsókn á hotel@hotelsmari.is**

HAFBERG fiskbúð sælkerans
Vantar duglega og hressa einstaklinga til starfa í FISKBÚÐINNI HABERG. Uppl. í s 820 3413 Geir

**BYLTING Á ÍSLANDI**
XL XT og Sturla Jónsson skila þjóðinni frelsi Til handfæraveiða allt árið. Pitt er valið.

**PRIF Í GARÐABÆ**
Óskum eftir starfskrafti 4 tíma í viku við þrif. Upplýsingar gefur Páll í síma 665 2302

## Atvinna óskast

**VERKAMENN - SMIÐIR - KRANAMENN - MÚRARAR - JÁRNAMENN - UPPSLÁTTARMENN**
Erum með vana menn sem óska eftir mikilli vinnu.
**Upplýsingar í s. 777 2 333**
**HANDAFL EHF**

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta**
Proventus.is

## Tilkynningar

**Byggingarsamvinnufélagið Aðalból**
Félagsfundur verður haldinn mánudaginn 15. apríl kl. 18.00 í Síðumúla 17. 2 hæð.
Fundarefni; **Slit félagsins.**
*Stjórnin*

## Atvinna

# Bifvélavirki

Ört stækkandi bifreiðaverkstæði í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum.

**Hæfniskröfur:**
- Vandvirkni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugasemi og vilji til að tileinka sér nýja tækni
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar í síma 568-3003 eða á as.v@internet.is

**EIGNAMIÐLUN**
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
Sala fasteigna í 55 ár — Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**HAGAMELUR 46 – EFRI SÉRHÆÐ.**




Vel staðsett og vel skipulögð 143,7 fm efri sérhæð ásamt 23,9 fm bílskúr við Hagamel. Stutt er í alla þjónustu, skóla, verslanir og sundlaug Vesturbæjar er handan við hornið. **V.49,0 millj.**
**Eignin verður sýnd þriðjudaginn 9. apríl milli kl. 17:00 og kl. 18:00.**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Stóragerði 12. Glæsileg 3ja herb. íbúð**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 83,7 fm. íbúð á 3. hæð með suðursvölum og fallegu útsýni. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. gólfefni, baðherbergi og raflagnir o.fl. Eldhúsinnrétting uppgerð og tæki endurnýjuð. Mjög fallegt útsýni er úr eldhúsi og hjónaherbergi að Esju, út á sundin og yfir austurborgina. Af svölum og úr stofu er útsýni m.a. að Bláfjöllum. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. **Verð 25,5 millj.**
**Íbúð merkt 0303. Berglind og Ívar á bjöllu. Verið velkomin.**

# TÍSKUVÖRUVERSLUN TIL SÖLU

Um er að ræða verslun sem selur mest kvennfatnað og fylgihluti.
Góð ársvelta og miklir vaxtamöguleikar.
Verslunin er staðsett miðsvæðis í Reykjavík
er í leiguhúsnæði sem hefur gott auglýsingargildi, traustur leigusali.
Tilvalið fyrir einstaklinga sem vilja skapa sér vinnu.

**Áhugasamir aðilar sendið fyrirspurn á prada@simnet.is**

**TRAUSTI fasteignasala**

**KLETTAKÓR 1C - KÓPAVOGI**
**OPIÐ HÚS Í DAG 9. APRÍL FRÁ KL 17.30-18.00**




Mjög falleg 175 fm íbúð á tveimur hæðum, með sér inngangi og stæði í lokuðu bílskýli, á fallegum útsýnisstað við Klettakór í Kópavogi. **Verð: 45 m.**
**Nánari upplýsingar veitir Kristján í síma 867-3040**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

# Hárlosið, hægðatregðan og hormónin

**HEILSA**
**Teitur Guðmundsson**
læknir



> Meðferð við vandamálum í skjaldkirtilsstarfsemi er alla jafna í formi lyfja en það getur þurft að gera aðgerð...

Starfsemi innkirtlanna er afar spennandi og hefur margvísleg áhrif á það hvernig okkur líður dagsdaglega og hversu orkumikil við erum alla jafna. Þá er ekki alltaf alveg augljóst hvernig hin ýmsu einkenni tengjast saman og er enn verið að læra um samspil þessara þátta sem gerir það sérstaklega skemmtilegt. Hjá þeim einstaklingum sem þjást af breytingum á starfsemi innkirtlanna geta verið fjölmargar birtingarmyndir og því er nauðsynlegt að horfa heildstætt á kvartanir viðkomandi. Þannig virkar svokölluð mismunagreining, en það er listin að velta upp þeim möguleikum sem geta passað við sjúkdómsmynd einstaklingsins og komast þannig að réttri niðurstöðu og í kjölfar þess taka ákvörðun um nauðsyn meðferðar eða ekki.

Þeir eru býsna margir sem koma til læknis og kvarta um orkuleysi, slappleika og slík almenn óljós einkenni og í flestum tilvikum er svo sem um minniháttar vanda að ræða, einhvers konar flensu eða tímabundið álag sem engu að síður getur haft umtalsverð áhrif á líðan viðkomandi. Þegar við þessi einkenni bætast fleiri hlutir eins og hárlos, hægðatregða, kulsækni og bjúgur svo fátt eitt sé nefnt þá er nauðsynlegt að horfa meðal annars til starfsemi skjaldkirtilsins.

Skjaldkirtillinn er einn af innkirtlum líkamans, hann liggur framan á hálsinum fyrir neðan barkakýlið og sést almennt ekki þegar horft er framan á einstaklinginn. Hann framleiðir svokölluð skjaldkirtilshormón sem gegna mikilvægu hlutverki í efnaskiptum líkamans, en hormónin stýra hraða þeirra og notkun fitu og kolvetna, auk þess sem þau hafa áhrif á próteinframleiðslu og hitastig. Stjórnstöðin er svo aftur í heiladinglinum sem gefur kirtlinum merki um hversu mikið hann skuli framleiða á hverjum tíma fyrir sig. Þetta flókna samspil getur ruglast af mörgum ástæðum með þeim afleiðingum að skjaldkirtillinn framleiðir annaðhvort of mikið eða of lítið af hormónum, sem aftur getur verið orsökin fyrir þeim einkennum sem einstaklingurinn finnur fyrir.

**Í fluggír**

Þegar um er að ræða ofstarfsemi er líkaminn og efnaskipti hans í nokkurs konar fluggír ef svo mætti að orði komast og finna einstaklingar fyrir ýmsum einkennum, svo sem eins og hjartsláetti, takttruflunum, megrun, svita, óróleika, skjálfta, kvíða, niðurgangi og sjóntruflunum án þess að þessi listi sé tæmandi. Mikilvægt er að komast að orsök vandans og meðhöndla því þetta ástand getur verið lífshættulegt. Algengast er að veirusýkingar og ónæmissjúkdómar valdi slíku og getur skjaldkirtillinn orðið vanvirkur í kjölfar meðferðar og einstaklingurinn þá þurft hormónauppbót í formi lyfja.

Í allri þeirri umræðu sem fer fram daglega um heilsu, heilsufar, mataræði og lífsstíl þá er býsna oft verið að gefa leiðbeiningar og benda á töfralausnir til að losna við aukakílóin, nota bætiefni til að styrkja hárið og neglurnar, taka fæðubót til að auka brennslu og úthald, vinna gegn bjúg með ýmiss konar losandi aðferðum og svona má eflaust lengi telja. Í mörgum tilvikum virkar ekkert af þessu og er það vegna þess að skjaldkirtillinn framleiðir ekki nægjanlegt magn hormóna. Nú er ég ekki að halda því fram að öll slík vandamál séu á þeim grunni heldur einfaldlega að benda á að ekki skuli gleyma því að líkaminn sjálfur er hannaður í grunninn til þess að viðhalda eðlilegri starfsemi. Það er því rökrétt að fá mat á því hvers vegna svo er ekki þegar það á við.

**Meðferðin**

Konur eru líklegri til að fá vandamál sem tengjast skjaldkirtlinum, oftsinnis eru þær á miðjum aldri en þó geta breytingar átt sér stað á öllum æviskeiðum. Blæðingatruflanir eru algengar og geta verið misgreindar sem tíðahvörf kvenna, ekki má gleyma að bæði tíðahvörf og skjaldkirtilsvandi geta komið upp á sama tíma svona rétt til að flækja þetta aðeins. Þá geta slík vandamál komið upp á meðgöngu og í kjölfar fæðingar.

Algengast er þó að einstaklingar séu komnir yfir miðjan aldur og á það bæði við ofstarfsemi og vanstarfsemi skjaldkirtilsins en nokkur munur er á einkennum eins og ég lýsti hér að ofan. Það er því mikilvægt að átta sig á þeim, en greining fer fram í gegnum viðtal, skoðun, lýsingu einkenna og blóðrannsókn, auk hugsanlegrar myndgreiningar. Meðferð við vandamálum í skjaldkirtilsstarfsemi er alla jafna í formi lyfja en það getur þurft að gera aðgerð og nota geislavirka meðferð í flóknari tilfellum. Fylgstu því vel með þér og hafir þú einkenni sem þú ekki getur skýrt með góðu móti sem passa við of- eða vanstarfsemi skaltu leita uppi lækninn þinn.

## AF NETINU

### Ég hef áhyggjur!



Ég horfi lítið á sjónvarp en danski þátturinn Borgen er þó meðal þess sem ég missi helst ekki af. Í þeim þáttum sem nú eru sýndir er aðalpersónan, Birgitte Nyborg, að stofna nýjan stjórnmálaflokk. Í upphafi flykktist fólk að og útkoman varð kaos og mýgrútur hugmynda sem samræmdust engan veginn. Aðalpersónan endaði á að reka alla áhugasömu sjálfboðaliðana út. Ég mæli ekki með því en spyr hvort ekki sé rétt að gera þá kröfu að stjórnmálasamtök, sem hafa haft heilt kjörtímabil til að búa sig undir kosningar, standi fyrir ákveðna hugmyndafræði og málefni sem séu flokknum, frambjóðendum hans og grasrótinni sameiginleg?

http://blog.pressan.is

*Margrét Tryggvadóttir*








PHOTOSHOP EXPERT
ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ

Um námskeiðið
Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa og myndblöndun.

Fyrir hverja
Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

Inntökuskilyrði
Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu. Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem námsgögn eru á ensku.

Næsta námskeið
Hefst: 22. apríl og lýkur 29. maí.
Kennt er á mánudögum og miðvikudögum 18.00 - 22.00

Kennarinn

Sigurður Jónsson, lærði ljósmyndun í School Of Visual Arts Í New York og öðlaðist meistararéttindi í ljósmyndun árið 1989. Hann hefur haldið námskeið í stafrænni myndvinnslu fyrir Ljósmyndarafélag Íslands, Listaháskóla Íslands, Margmiðlunarskólann, Iðnskólann Í Reykjavík og nú í 7 ár hjá NTV.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
ntv

# TÍMAMÓT



Elskulegur bróðir okkar, mágur og svili,

**SVANUR KARLSSON**
**Bergþórugötu 16a, Reykjavík,**

andaðist á Grund laugardaginn 30. mars sl. Útför hans verður gerð frá Langholtskirkju fimmtudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Sesselja M. Karlsdóttir**
**Jóhanna P. Karlsdóttir**
**Rósa Pálsdóttir**
**Álfhildur Pálsdóttir** **Bárður G. Halldórsson**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR Þ. ÞORSTEINSSON**
**byggingatæknifræðingur,**

lést 7. apríl á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 22. apríl kl. 15.00.

**Kristín Guðbjörnsdóttir**
**Guðmundur Gunnarsson** **Bjargey Arnórsdóttir**
**Guðný Helga Gunnarsdóttir** **Einar Magnússon**
**Dóra S. Gunnarsdóttir** **Þorkell H. Halldórsson**
**Þorsteinn Á. Gunnarsson** **Matthildur Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,

**HELGA AXELSDÓTTIR**
**frá Læk, Skagaströnd,**

er látin.

**Drífa Björnsdóttir**
**Dröfn Björnsdóttir**
**Helga Björnsdóttir**
**Axel Björnsson**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur, frændi og vinur,

**ÖRVAR ARNARSON**
**Kambaseli 53, Reykjavík,**

sem lést af slysförum í Flórída laugardaginn 23. mars, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. apríl kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Örvars Arnarsonar, reikningsnúmer 526-14-403072, kt. 261245-5829.

**Örn Karlsson** **Ingibjörg Ósk Óladóttir**
**Ingólfur Arnarson** **Áslaug Harðardóttir**
**Þórhalla Arnardóttir** **Kolbeinn Guðjónsson**
**og systkinabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA ÓSKARSDÓTTIR**
**Þórðarsveig 1, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 2. apríl. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Guðbjörg Sigríður Pétursdóttir** **Guðjón Gunnlaugsson**
**Berglind Rós Pétursdóttir** **Eyjólfur Björgmundsson**
**Margrét Lára Pétursdóttir**
**Þorsteinn Pétursson** **Sveinfríður Ólafsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG EYVINDSDÓTTIR**
**Bræðraborgarstíg 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. apríl klukkan 13.

**Laufey Ármannsdóttir**
**Steinþór Ómar Guðmundsson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**Einar Ármannsson** **Ásdís Garðarsdóttir**
**Freydís Ármannsdóttir** **Helgi Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**MAGNÚSAR S. MAGNÚSSONAR**
**Lækjarsmára 8, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar Vífilsstöðum fyrir kærleiksríka umönnun.

**Guðbjörg María Gunnarsdóttir**
**Gunnar H. Magnússon** **Elísabet Eyjólfsdóttir**
**Jón H. Magnússon**
**Magnús H. Magnússon** **Sissel Sørdal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartkær dóttir mín, móðir, amma og systir,

**HILDA HAFSTEINSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 72, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 4. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Friðriksdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJARNI HANNESSON**
**læknir**
**Lindarflöt 45, Garðabæ,**

lést á heimili sínu 2. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 11. apríl klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Þorbjörg Þóroddsdóttir**
**Ragnheiður Ingibjörg Bjarnadóttir** **Sveinn Yngvi Egilsson**
**Þóroddur Bjarnason** **Brynhildur Þórarinsdóttir**
**Hólmfríður Bjarnadóttir** **Martin Eineborg**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR LÁRUSSONAR**
**frá Grundarfirði.**

**Elín Dagmar Valdimarsdóttir**
**Ragnheiður K. Sigurðardóttir** **Jón Erlendsson**
**Helga G. Sigurðardóttir** **Jan Emil Bjerkli**
**Halldóra D. Sigurðardóttir** **Einar Vilhjálmsson**
**Guðrún M. Sigurðardóttir**
**Valdimar Sigurðsson** **Halla Norland**
**Elínborg Sigurðardóttir** **Arnar Geir Nikulásson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**LOVÍSA EINARSDÓTTIR**
**íþróttakennari,**

lést þann 31. mars sl. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 12. apríl kl. 15. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands, Minningarsjóð Landspítalans og Minningarsjóð Áslaugar Einarsdóttur hjá Fimleikasambandi Íslands.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ingimar Jónsson**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR ÓLAFSSON**
**Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 5. apríl sl. Útför hans verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 12. apríl kl. 14.00.

**Halldór Ólafsson** **Guðlaug Sigurjónsdóttir**
**Jóhannes Ólafsson** **Herdís Þórðardóttir**
**Ólafur Ólafsson** **Ingiríður Kristjánsdóttir**
**Þráinn Ólafsson** **Helga Jóna Ársælsdóttir**
**Lárus Þór Ólafsson** **Valgerður Sveinbjörnsdóttir**
**Steinunn Helga Ólafsdóttir** **Halldór Hauksson**
**afa- og langafabörn.**

# Páll ræðir verk sín

## Páll Stefánsson myndar mengun á Indlandi, gefur út bækur um Norðurlönd og vinnur sem ritstjóri Iceland Review.

Páll Stefánsson, ljósmyndari og ritstjóri Iceland Review, segir frá viðfangsefnum sínum á Stefnumótakaffi í Gerðubergi annað kvöld. „Mitt aðalstarf er að mynda land, þjóð og menningu hér á landi en svo er ég alltaf að fást við önnur verkefni. Ég er til dæmis að vinna að verkefni um mengun um heim allan. Síðast var ég í Vapu á Indlandi. Þar er ástandið svo skelfilegt að konan flúði, henni fannst tennurnar orðnar loðnar af mengun. Ég var líka að ljúka bókum um Norðurlöndin sem koma brátt út í Þýskalandi á vegum National Geographic,“ segir Páll sem hefur fengist við ljósmyndun í 30 ár. „En það er kannski það skemmtilegasta við þetta fag að því lengur sem maður vinnur við það því minna veit maður hvað er góð mynd,“ bætir hann við að lokum. Stefnumótakaffi hefst klukkan átta.



**PÁLL STEFÁNSSON** Ræðir verk sín í Gerðubergi annað kvöld. MYND/AÐSEND





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför foreldra okkar, tengdaforeldra, afa og ömmu, langafa og langömmu,

**RÓSINBERGS GÍSLASONAR**
og
**MARÍU BENDER**
**Nesvegi 44, Reykjavík.**

**Leifur Rósinbergsson** **Kristín Pálsdóttir**
**Kristín Rósinbergsdóttir**
**Guðrún Rósinbergsdóttir** **Páll Hólm**
**Hrefna Rósinbergsdóttir** **Guðjón Elí Sturluson**
**Steinunn Steinþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GRÉTAR MAGNI GUÐBERGSSON**
**jarðfræðingur,**
**Hvammkoti í Skagafirði,**

lést á líknardeild Landspítalans þann 31. mars sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju á morgun, miðvikudaginn 10. apríl kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar LSH í Kópavogi.

**Guðný Þórðardóttir**
**Sigfús Grétarsson** **Margrét Sigríður Sigbjörnsdóttir**
**Þórður Grétarsson** **Jóhanna Margrét Einarsdóttir**
**María Huld Markan Sigfúsd.** **Kjartan Sveinsson**
**Hildur Þóra Sigfúsdóttir** **Anton Svanur Guðmundsson**
**Friðrik Atli Sigfússon**
**Snorri Grétar Sigfússon**
**Brynhildur Þórðardóttir**
**og langafabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANHILDUR (STELLA) KJARTANSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans að morgni páskadags. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. apríl kl. 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Bragi Einarsson**
**Soffía Bragadóttir** **Sigurður Daníelsson**
**Sigrún Bragadóttir** **Knútur G. Hauksson**
**Helga Bragadóttir**
**Kjartan Broddi Bragason** **Ása Björk Stefánsdóttir**
**Brynhildur Bragadóttir** **Ingólfur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# 9 ára

*Nú erum við 9 ára og af því tilefni bjóðum við fullt af spennandi vörum á góðu verði!*




## 14" ACER FARTÖLVA

*FRÁBÆR KAUP*

intel CORE i3 inside

### Acer Aspire V5-471
- Intel Core i3 2365M örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- DVD-RW Dual Layer skrifari
- 14" WideScreen skjár
- Intel HD3000 skjákort
- Windows 8 stýrikerfi

**89.950**

## INTEL TÖLVA 4

COOLER MASTER



### INTEL TÖLVA 4
- Core i5 3470 Ivybridge 3,2GHz QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB diskur og DVD skrifari
- Geforce N650GTX OC 1GB
- 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort
- Windows 8 stýrikerfi

**139.950**

## LEIKJASKJÁKORT




msi

### MSI R7850 2GD5 OC
2GB 4800MHz DDR5, 900MHz Core, DVI, DisplyPort, HDMI, PCI-E Hitman, Sleeping Dogs og Farcry 3 fylgja með.

**39.950**

## ÖRGJÖRVI



AMD

### AMD Piledriver X4 FX-4300
- 3.8GHz Black Quad Core örgjörvi
- Socket AM3+
- 32nm, 8MB cache
- 95W, Retail

**21.750**

## MÓÐURBORÐ




msi

### MSI 970A-G43
- 6xSATA3 Raid
- Gb Lan
- 4xDDR3 1866
- 2xUSB3
- 2xPCI-E 16X Crossfire
- SLI, 7.1 hljóð

**14.950**

## OPTICAL MÚS

Logitech



### Logitech G300
- Optical leikja mús
- 9 forritanlegir takkar
- Innbyggt minni fyrir 3 stillingar
- Hægt að velja um 7 liti á LED ljósum
- 2500 dpi nákvæmni

**4.950**

## LYKLABORÐ

Logitech



### Logitech G105
- Glæsilegt leikjalyklaborð
- Nightvision baklýsing á tökkum
- 6 forritanlegir G takkar
- Leikjastilling fyrir 5 lykla í einu
- Íslenskir límmiðar

**9.950**

## TURNKASSI

COOLER MASTER



### CM Storm Enforcer
- Flottur leikjaturn með góðri kæligetu
- Mjög góður stuðningur fyrir vökvakælingu
- Snúa má harðdiskabúrinu eftir hentugleika
- 2x USB 3.0, 2x USB 2.0 og hljóðtengi

**16.950**

## SSD DISKUR



SAMSUNG

### Samsung SSD 840
Ódýr og góður 120GB SATA 3 diskur. Ein besta uppfærslan fyrir fartölvu eða borðtölvu. Ótrúlegur hraðamunur á harðdiskum og SSD. Sparsamur á orku sem hentar vel í fartölvur.

**19.750**

## AFLGJAFI




CORSAIR

### Corsair GS700 2013
700W Gaming series aflgjafi með bláu, rauðu og hvítu ljósi.

**16.950**

## FJÖLNOTATÆKI

EPSON



### Epson XP-202
- A4 fjölnotatæki
- Prentari, skanni og ljósritunarvél
- USB 2.0 og þráðlaus nettening

**9.950**

## FLAKKARI

Seagate



### Seagate Expansion 2TB
Vandaður USB3 flakkari.
Stílhrein og flott hönnun.

**17.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** pabbi, **6.** frá, **8.** skjögur, **9.** besti árangur, **11.** kvað, **12.** gróðabrall, **14.** óhreint vatn, **16.** tónlistarmaður, **17.** hlaup, **18.** stansa, **20.** gyltu, **21.** andstreymi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi húsdýrs, **3.** tímaeining, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** ávöxtur, **10.** verkur, **13.** dæling, **15.** stærðfræðitákn, **16.** náinn, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pápi, **6.** af, **8.** rið, **9.** met, **11.** ku, **12.** brask, **14.** skolp, **16.** kk, **17.** gel, **18.** æja, **20.** sú, **21.** raun.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** ár, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** ferskja, **10.** tak, **13.** sog, **15.** plús, **16.** kær, **19.** au.


## Týnd kisa – fundarlaun!



Loppa er brúndoppótt bengallæða með græn augu, stór eyru og langt skott og líkist tígrisdýri. Hún hvarf úr Grænumýri á Seltjarnarnesi aðfaranótt 4. apríl. Hún var með rauða ól og er örmerkt.
**Biðjum fólk að athuga í geymslum, bílskúrum og ruslageymslum.**
**Sími 659-9910, 692-1607, 551-1761. Góð fundarlaun.**








# Útsjónarsamt orlof fyrir höndum

**BAKPANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Í gegnum ævina hafa flest okkar heyrt orðatiltækið „enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ oftar en einu sinni. Oftast er það nú notað í sorglegum aðstæðum, en einnig í léttvægari tilvikum á borð við þau þegar bíllinn bilar og við þurfum að reiða okkur á annan fararskjóta í nokkra daga. Skyndilega verður bílskrjóðurinn sem við blótum vikulega fyrir óhóflega bensínmagnið sem hann innbyrðir að himnasendingu, sem léttir okkur lífið.

**ÞAÐ** er skemmst frá því að segja að nýverið skaust ofangreint orðatiltæki í hausinn á mér þegar ég var að skoða vefsíður fæðingarorlofssjóðs. Ég viðurkenni að ég kveið fyrir að skoða þetta og sjá með eigin augum það sem ég hafði heyrt fólk í kringum mig blóta ítrekað; fæðingarorlofskerfinu hér á landi. Vert er þó að taka fram að ég veit að verið er að breyta kerfinu og það er mikið fagnaðarefni, en það gagnast mér ekki þar sem ég get ekki haldið í mér til ársins 2016 úr þessu.

**SÍÐAST** þegar ég stóð í sömu sporum var ég námsmaður í útlöndum. Og ekki bara hvaða útlöndum sem er, því ég var undir verndarvæng norska velferðarkerfisins. Ég fékk veglegan fæðingarstyrk, sem stendur þeim til boða sem eiga ekki rétt á orlofinu sjálfu. Styrkinn segja Norðmenn eiga að duga fyrir nauðsynjavörum barnsins, bleyjum og vagni. Ætli hann sé ekki svipaður og lágmarksfæðingarorlofsgreiðslur í sex mánuði hér á núverandi gengi. Barnabæturnar fóru einnig að berast um leið og barnið fæddist, sem voru um 18 þúsund íslenskar krónur á mánuði.

**ÞAÐ** er margt slæmt hægt að segja um Norðmenn, rétt eins og bensínétandi bílskrjóðinn, en þeir kunna svo sannarlega að auðvelda manni lífið eins og farartækið. Blessuð reiknivélin á síðum fæðingarorlofssjóðs fékk að finna fyrir því í páskafríinu og í hvert sinn sem ég sá niðurstöðurnar fékk ég sting í magann. Þetta gleðitímabil í lífi manns getur svo auðveldlega snúist upp í andhverfu sína, ef maður hefur ekki útsjónarsemina að vopni í orlofinu. Eitt af mörgum dæmum þess að kerfið léttir fráleitt lífið á þessum árum þegar verið er að koma undir sig fótunum, eignast börn og heimili og reyna að koma ár sinni vel fyrir borð í leiðinni.

**„GRASIÐ** er ekki alltaf grænna hinum megin“ er annað orðatiltæki sem gjarnan heyrist, en þegar kemur að barneignum, leikskólamálum og fæðingarorlofi er mín reynsla hingað til einmitt sú að grasið er grænna hjá frændum hjá okkar í Skandinavíu.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Kristján í samstarf við Borgarleikhúsið

**Leikritið Blam! snýr aftur í Borgarleikhúsið næsta vetur. Blam! sló í gegn hjá íslenskum áhorfendum rétt eins og dönskum en uppselt var á allar sýningar. Næsta verk Kristjáns Ingimarssonar verður í samstarfi við Borgarleikhúsið.**

Kristján Ingimarsson, maðurinn á bak við leiksýninguna Blam!, mun gera sína næstu leiksýningu í samstarfi við Borgarleikhúsið. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, segist hlakka mikið til samstarfs við Kristján. „Stefnan er sú að Kristján komi hingað nokkrum sinnum næsta vetur til að undirbúa sýninguna sem verður svo frumsýnd í Borgarleikhúsinu leikárið 2014-2015.“

Kristján kom til Íslands í upphafi síðustu viku með leiksýninguna Blam! sem var valin leiksýning ársins 2012 í Danmörku. Blam var sýnd sex sinnum fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu en hún verður sýnd í Hofi á Akureyri á miðvikudag og fimmtudag. „Því miður gátum við ekki bætt við fleiri sýningum hér í Borgarleikhúsinu. En sem betur fer náðum við að búa svo um hnútana að Blam! verður sýnt aftur hér næsta vetur,“ segir Magnús Geir og bætir við að það skýrist fljótlega hvenær Kristján og félagar verði á ferðinni í Borgarleikhúsinu.

Kristján Ingimarsson, sem er fæddur og uppalinn á Akureyri, hefur að mestu alið manninn í Danmörku frá því að hann var rúmlega tvítugur. Hann segir mikilvægt að sýna verkin sín á Íslandi: „Ég á ekki orð til að lýsa því hvað mér þykir vænt um að finna þessi frábæru viðbrögð. Samstarfið við Borgarleikhúsið hefur verið framúrskarandi og því hlakka ég mikið til að þróa nýju sýninguna með þeim þar,“ segir Kristján en Blam! fékk fullt hús bæði hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins og DV.

Þess má geta að Blam! fer í leikferð til Bretlands, Noregs, um Danmörku og víðar á árinu. „Ég spái því að sýningin leggi heiminn að fótum sér,“ segir Magnús Geir að lokum.



**FIMM STJÖRNU SÝNING** Blam! fékk mikið lof meðal gagnrýnenda hér á landi líkt og hjá kollegum þeirra í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 09. APRÍL 2013**

### Tónlist

**20.30** Hljómsveitin Reykjavík Swing Syndicate spilar á jazzkvöldi KEX Hostels, Skúlagötu 28. Tónlistin tengist sveiflu fjórða áratugarins, Django djassi og bannáragleði. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.00** María Antonia Mezquita Fernández frá háskólanum í Valladolida á Spáni heldur fyrirlestur í stofu 106 í Odda Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku og ber yfirskriftina Feminism and Identity Throughout the Works of the Canadian Writers Margaret Laurence, Alice Munro and Margaret Atwood: An Ecocritical Approach. Hann fjallar um náttúrumyndir í verkum þriggja kanadískra skáldkvenna. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

**12.05** Guðrún Harðardóttir, sérfræðingur í byggingarsögu hjá Þjóðminjasafni Íslands, heldur fyrirlestur í fyrirlestrarsal safnsins undir yfirskriftinni Skáldað í byggingararfinn? Fyrirlesturinn er sá síðasti þennan veturinn í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.

### Myndlist

**20.00** Listamennirnir Fiete Stolte, Ragnheiður Gestsdóttir, Emily Wardill, Guido van der Werve, Ragnar Kjartansson, Erla Silfá Þorgrímsdóttir, Eygló Harðardóttir og Ríkharður H. Friðriksson ræða verk sín í tengslum við myndlistarhátíðina Sequences VI.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2013

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 23. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 2. apríl 2013,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is






Otrivin

Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Hallgrímur Helgason ausinn lofi

**Danskir gagnrýnendur lofa bók Hallgríms Helgasonar, Konuna við 1000°, og telja hana eiga Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyllilega skilið.**

Skáldsaga Hallgríms Helgasonar Konan við 1000° fær afbragðsdóma hjá dönskum gagnrýnendum en bókin kom nýverið út þar í landi í þýðingu Kims Lembek. Gagnrýnandi Berlingske tidende, Jørgen Johansen, gefur henni fimm stjörnur af sex. Sömu sögu er að segja af Sebastian Hansen á Extra Bladet, hann gefur skáldsögunni fimm stjörnur af sex. Bókin fær fjögur hjörtu af sex hjá May Schack í Politiken og Marianne Koch hjá Fyens Stiftstidende gefur henni fimm stjörnur af sex. „Haldiði kjafti hvað þetta er æðisleg skáldævisaga,“ segir Marie Louise Wedel Bruun í Elle, sem velur Konuna við 1000° sem bók mánaðarins.

Þessir gagnrýnendur og aðrir sem hafa fjallað um bókina eru sammála um að Hallgrímur væri vel að Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs kominn en Konan við 1000° er framlag Íslands til þeirra ásamt bók Guðmundar Andra Thorssonar, Valeyrarvalsinum. Bókmenntaverðlaunin verða veitt á næstunni. - sbt



**BÓKMENNTALEGT SPRENGIEFNI** Bók Hallgríms Helgasonar, Konunni við 1000°, er líkt við eldfjöll, sögð hnífskörp og bókmenntalegt sprengiefni í gagnrýni danskra fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JOSS STONE** Mennirnir ætluðu að myrða söngkonuna.

## Ætluðu að myrða Stone

Tveir menn sem ætluðu að ræna söngkonunni Joss Stone og myrða hana hafa verið dæmdir í fangelsi. Annar þeirra, hinn 35 ára Kevin Liverpool, var dæmdur í lífstíðarfangelsi og losnar ekki út fyrr en eftir að minnsta kosti tíu ár. Ekki verður ákveðið hvað verður um hinn fyrr en niðurstöður geðrannsóknar liggja fyrir.

Mennirnir ætluðu að ræna Stone frá sveitasetri hennar, ræna auðæfum hennar og myrða hana svo. Þeir neituðu ásökununum á hendur sér og sögðust aldrei hafa heyrt söngkonunnar getið fyrr en þeir voru handteknir.



**AÐ LEIK** Katy Perry heimsótti þorp í Madagaskar og brá sér á leik með börnum.

# Heimsótti skóla í Madagaskar

**Söngkonan Katy Perry heimsótti skólabörn í Madagaskar á vegum UNICEF.**

Söngkonan Katy Perry er ötull tals- og stuðningsmaður UNICEF-samtakanna. Hún heimsótti þorpið Ampihaonana á Analanjirofo-svæðinu á Madagaskar og heimsótti meðal annars næringarmiðstöð og skóla ásamt því að ræða við íbúa þorpsins.

„Menntun er ómetanlegt tækifæri fyrir börnin hér. Þau og kennarar þurfa oft að ganga í 45 mínútur til þess að komast í skólann,“ sagði Perry við þetta tækifæri. Skólinn í Ampihaonana eyðilagðist er hvirfilvindur gekk yfir svæðið en hægt var að byggja nýjan með fjárhagsaðstoð frá UNICEF. Í nýju skólabyggingunni eru kynjaskipt baðherbergi og hreint drykkjarvatn.


SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

G.I. JOE 3D — FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA! EIN FLOTTASTA SPENNUMYND ÁRSINS — LÚXUS 12
ADMISSION — Tina Fey, Paul Rudd — L
THE CROODS — L; I GIVE IT A YEAR — 12; ON THE ROAD — 16

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALATION 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| G.I. JOE RETALATION 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ADMISSION | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ON THE ROAD | KL. 8 | 16 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SNITCH KL. 10.40 16 / ANNA KARENINA | KL. 5.15 | 12 |
| JAGTEN | KL. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| GI JOE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ADMISSION | KL. 8 - 10.15 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 5.50 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALIATION 3D | 5.50, 8, 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR | 8, 10 | 12 |
| SNITCH | 8 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 6 | L |
| THE CROODS 2D - ÍSL TAL | 6 | L |
| IDENTITY THIEF | 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN — KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM — SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR — KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA! — G.I. JOE 3D — EIN FLOTTASTA SPENNUMYND ÁRSINS — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
JUDE LAW, CATHERINE ZETA-JONES, ROONEY MARA, CHANNING TATUM — NÝJASTA MYND STEVEN SODERBERGH — SIDE EFFECTS — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR — FRÁBÆR ÍSLENSK GAMANMYND
JACK THE GIANT SLAYER, THE CROODS, OZ THE GREAT AND POWERFUL, DEAD MAN DOWN — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG — GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE CROODS ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSL.TAL | KL. 5:50 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 8 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| THE CROODS ÍSL.TAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50-8 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER | KL. 3D: 8 2D: 10:10 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:30 | 10 |
| THE CROODS ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50- 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 10:40 | 12 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 10:10 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 | 12 |

LYFJA – Lífið heil
Voltaren Gel — 15% verðlækkun
50 gr. Nú: 1.767 kr. / 100 gr. Nú: 3.222 kr. Gildir út apríl.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 63613





Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói
Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www.kvikmyndasafn.is


## ÍSLANDSMYND SÍS og Stepping Stone between the Old and the New Worlds

*Íslandsmynd SÍS*, sem Vigfús Sigurgeirsson kvikmyndaði 1938-9 og Sigfús Halldórs frá Höfnum hafði hönd í bagga með, er ein af þessum ægifögru heimildarmyndum um íslenskt þjóðlíf sem urðu til á seinni hluta fjórða áratugarins. Myndin lýsir árshring mannlífsins í gamla bændasamfélaginu frá vori og fram á vetur og eru heyannirnar og myndir úr verksmiðjum fyrir landbúnaðarafurðir ómetanlegar gersemar fyrir okkur sem þjóð.

Á sama tíma gerði Vigfús *Ísland, áfangastaður á milli gamla og nýja heimsins* til að kynna Ísland á heimssýningunni í New York 1939-40. Hún er fyrsta litmyndin sem tekin er af Íslendingi á Íslandi.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
HANNAH ARENDT — sló í gegn á þýskum kvikmyndadögum!

BÍÓ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 17:40, 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE | (L) | 20:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 22:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

VORUM AÐ BÆTA VIÐ BÍLUM!

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL SUMARDAGSINS FYRSTA

Afsláttur allt að 750.000 kr.

Verð frá 1.690.000 kr.



**FORD EXPLORER** JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI.

TAKMARKAÐ MAGN

ÁRGERÐIR 2005-2008, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR.

Ford Kuga og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

Kíktu á notadir.brimborg.is og finndu bílinn þinn

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

# ÚRSLIT

## DOMINO'S-DEILD KARLA

### UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

**SNÆFELL - STJARNAN 79-93 (41-57)**

**Snæfell:** Ryan Amaroso 21/9 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 20/6 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 12, Hafþór Ingi Gunnarsson 10/6 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10/6 fráköst/5 stoðsendingar, Sveinn Arnar Davíðsson 2, Stefán Karel Torfason 2, Ólafur Torfason 2.

**Stjarnan:** Jarrid Frye 29/9 fráköst, Jovan Zdravevski 21/4 fráköst, Brian Mills 15/5 fráköst/5 stoðsendingar, Justin Shouse 12/4 fráköst, Marvin Valdimarsson 9, Fannar Freyr Helgason 4/6 fráköst, Dagur Kári Jónsson 3.

**Staðan í einvíginu er 2-1, Stjörnunni í vil.**

## ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**MAN. UNITED - MAN. CITY 1-2**

0-1 James Milner (51.), 1-1 Vincent Kompany, sjálfsmark (59.), 1-2 Sergio Agüero (78.).

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. United | 31 | 25 | 2 | 4 | 71-33 | 77 |
| Man. City | 31 | 19 | 8 | 4 | 57-27 | 65 |
| Chelsea | 31 | 17 | 7 | 7 | 61-33 | 58 |
| Tottenham | 32 | 17 | 7 | 8 | 55-40 | 58 |
| Arsenal | 31 | 16 | 8 | 7 | 61-34 | 56 |
| Everton | 31 | 13 | 13 | 5 | 49-37 | 52 |
| Liverpool | 32 | 13 | 10 | 9 | 59-40 | 49 |
| West Brom | 32 | 13 | 5 | 14 | 42-43 | 44 |

## SÆNSKA ÚRVALSDEILDIN

### UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

**SUNDSVALL - NORRKÖPING 79-76 (42-37)**

**Jakob Sigurðarson** skoraði nítján stig fyrir Sundsvall og gaf sjö stoðsendingar. **Hlynur Bæringsson** var með fjórtán stig og ellefu fráköst. **Pavel Ermolinskij** var með tvö stig, fjögur fráköst og fjórar stoðsendingar fyrir Norrköping.

**Staðan** í einvíginu er 2-1 fyrir Sundsvall.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Sorglegt hjá Wetzlar

Kári Kristján Kristjánsson vildi lítið tjá sig um nýjasta útspil framkvæmdastjóra Wetzlar sem sagði leikmanninn alfarið bera ábyrgð á þeirri röð atvika sem leiddi til þess að honum var sagt upp. Hann hefur sett málið í hendur lögfræðinga.

**HANDBOLTI** Kári Kristján Kristjánsson vildi sem fæst orð hafa um þau orð sem Björn Seipp, framkvæmdastjóri þýska úrvalsdeildarliðsins Wetzlar, birti í yfirlýsingu á heimasíðu félagsins í gær.

„Það er mjög sorglegt hvernig þetta er allt saman matreitt," sagði Kári við Fréttablaðið í gær en hann var þá nýkominn til Wetzlar þar sem hann býr með fjölskyldu sinni, konu og tveimur börnum.

„Ég mun eftirleiðis láta minn lögfræðing um að svara fyrir mig. Ég mun ekki leysa þetta í gegnum fjölmiðla," sagði hann enn fremur.

Seipp ítrekaði afstöðu félagsins í yfirlýsingunni en fyrir helgi var Kára Kristjáni sagt upp störfum eftir að hann spilaði með íslenska landsliðinu. Kári gekk nýverið undir aðgerð á baki þar sem góðkynja æxli var fjarlægt og hafði verið frá keppni síðan í febrúar.

Seipp ítrekaði að Kári hefði aldrei fengið leyfi hjá læknum félagsins til að taka sig af sjúkralista félagsins og spila með íslenska landsliðinu í Slóveníu. „Það er fullkomlega ósatt. Það var heldur engin misskilningur á milli læknanna og Kára," sagði Seipp í yfirlýsingu félagsins.

Hann fór yfir ferlið í löngu máli og sagði að Kári hefði blekkt sig, þjálfara liðsins og læknana með því að segjast vilja fara til Íslands til að fá annað álit lækna þar og frekari meðhöndlun.



**MEÐ STUÐNING HSÍ** Guðmundur B. Ólafsson, varaformaður HSÍ, fór yfir mál Kára á blaðamannafundi í síðustu viku. Kári er honum á hægri hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Svo fréttum við í gegnum íslenska fjölmiðla að Kári hefði alls ekki farið til Íslands, heldur til Grosswallstadt þar sem íslenska landsliðið kom saman til að undirbúa sig. Leikmaðurinn sagði okkur aldrei frá því, enda hefðum við gripið umsvifalaust í taumana."

Seipp segir að það sé enginn vafi á því að tengsl félagsins við Kára séu nú endanlega rofin. „Leikmaðurinn sjálfur ber einn ábyrgð á því," sagði hann og hélt áfram: „Að fara of snemma af stað hefði getað haft lífshættulegar afleiðingar í för með sér. Það er mjög sorglegt að Kári hafi ekki farið eftir fyrirmælum reyndra lækna. Ég fæ ekki skilið hvers vegna hann setti atvinnu og jafnvel líf sitt í hættu þegar hann er með konu og tvö ung börn heima hjá sér."

Kári vildi litlu svara um allar þær staðhæfingar sem Seipp lagði fram í yfirlýsingunni. „Ég vísa bara í mína eigin yfirlýsingu sem birtist fyrir helgi. Þar koma fram þær staðreyndir sem urðu til þess að ég spilaði leikinn."

Kári veit ekki hvort hann mætir til vinnu í dag eða hvernig næstu dagar munu þróast. „Þetta er allt óljóst eins og málin standa nú," segir Kári. eirikur@frettabladid.is



**MIKIÐ UNDIR** Jürgen Klopp vill koma Dortmund í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dortmund þarf sigur

**FÓTBOLTI** Seinni vikan í fjórðungsúrslitum í Meistaradeild Evrópu hefst í kvöld með tveimur leikjum. Real Madrid tekur á móti Galatasaray en Madrid-liðar eru í sterkri stöðu eftir 3-0 sigur í Tyrklandi í síðustu viku.

Meiri spenna er í viðureign Dortmund og Malaga. Fyrri leiknum lauk með markalausu jafntefli og þurfa því Jürgen Klopp og hans menn að spila til sigurs í kvöld.

„Það er mikilvægt að við sýnum að við spilum fótbolta í þeim tilgangi að vinna leiki," sagði Klopp en Dortmund hefur unnið alla heimaleiki sína í Meistaradeildinni í vetur.

Malaga verður án tveggja sterkra varnarmanna í kvöld þar sem þeir Weligton fyrirliði og Manuel Iturra eru báðir í banni.

Leikirnir hefjast báðir klukkan 18.45 í kvöld. - esá




Einn sparneytnasti bíll í heimi!

Kia Rio 1,1 dísil, sex gíra, eyðir frá **3,6 lítrum á hundraðið** í blönduðum akstri. Magn $CO_2$ í útblæstri er mjög lítið eða aðeins 94 g/km og fær hann því **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Einnig fáanlegur sjálfskiptur með bensínvél.

Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.

Verð frá **2.660.777 kr.** Rio 1,1 dísil
Aðeins **22.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og grænan bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,72%.

ergo

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA · Krókháls 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.




2 SPORT | HD US MASTERS 11.-14. APRÍL

# GRÆNI JAKKINN SKAPAR MEISTARANN

Það er stundum sagt að fötin skapi manninn. Það á vel við um US Masters, eitt sögufrægasta golfmót í heimi. Þar mætast allir bestu kylfingar veraldar og keppa um eftisóttustu golfverðlaun allra tíma: Réttinn til að klæðast græna jakkanum! Fylgstu með baráttunni í leiftrandi háskerpu!

Bein útsending frá hinum fræga Augusta National velli í Georgíu sem fagnar 80 ára afmæli í ár.

**FIMMTUDAGUR KL. 19:00**
**FÖSTUDAGUR KL. 19:00**
**LAUGARDAGUR KL. 19:00**
**SUNNUDAGUR KL. 18:00**

HONDA | Hraunkot Golfæfingasvæði | ICELANDAIR | PÓSTURINN

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

2 SPORT HD

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 Sport klukkan 18.30

### Meistaradeild Evrópu

Það eru risaleikir á dagskrá í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Galatasaray tekur á móti Real Madrid í Istanbúl í Tyrklandi en Spánverjar unnu fyrri leik liðanna 3-0 í Madrid. Á sama tíma mætast Borussia Dortmund og Malaga í Þýskalandi en liðin gerðu markalaust jafntefli í fyrri leiknum. Fjörið hefst á Stöð 2 Sport klukkan 18.00 með upphitun Þorsteins J. og gesta hans. Þeir taka síðan aftur við í leikslok og kryfja leikina til mergjar.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### SUNNEVA SVERRISDÓTTIR NEMI OG DAGSKRÁRGERÐARKONA



**Fréttafíkill**
Ég horfi nokkuð mikið á sjónvarp, alltaf á fréttir og fylgist með nokkrum seríum.

**STÖÐ 2 KL.18.30**



1 **Fréttir** Það er hefð hjá mér að horfa á fréttir enda alinn upp við það. Mikilvægt að fylgjast með.

**STÖÐ 2 KL.20.05**



2 **Modern Family** Léttir og stuttir gamanþættir. Karakterinn Phil er í uppáhaldi hjá mér.

**RÚV KL. 19.35**



3 **Kosningar** Mikilvægt fyrir mig að fylgjast með til að geta tekið upplýsta ákvörðun í maí, ég er nefnilega enn þá óákveðin.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Leitin **14.00** Fréttir **14.03** Homo ludens - hinn leikandi maður **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Hirðirinn á Laugavegi **21.00** Íslendingasögur **21.20** Guðir deyja **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Syndir mæðranna **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**11.45 Elizabeth Taylor**
**13.00 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni**
**13.25 Andraland** *(7:7)*
**13.55 Hvolpalíf** *(7:8)*
**14.25 Hvolpalíf** *(8:8)*
**14.55 Tónleikar frú Carey**
**16.30 Ástareldur**
**17.20 Teitur** *(42:52)*
**17.30 Sæfarar** *(32:52)*
**17.41 Leonardo** *(1:13)*
**18.10 Teiknum dýrin** *(5:52)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Góði kokkurinn** *(2:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Alþingiskosningar 2013 – Leiðtogaumræður** Formenn framboða sem bjóða fram á landsvísu mætast í sjónvarpssal og ræða helstu stefnumál sín fyrir alþingiskosningarnar 27. apríl. Umsjón: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Sigmar Guðmundsson.
**21.30 Skólahreysti I** Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.
**22.15 Seinni fréttir**
**22.30 Veðurfréttir**
**22.35 Glæpurinn III** *(10:10)*
**23.35 Neyðarvaktin** *(12:24)*
**00.20 Alþingiskosningar 2013 – Leiðtogaumræður**
**02.20 Fréttir**
**02.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55 Love Happens**
**13.40 Nanny McPhee returns**
**15.30 Jack and Jill vs. the World**
**18.40 Nanny McPhee returns**
**20.30 Jack and Jill vs. the World**
**22.00 The Edge**
**23.55 Borderland**
**01.40 The Tiger's Tail**
**03.25 The Edge**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(1:22)*
**08.30 Ellen** *(14:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(55:175)*
**10.15 The Wonder Years**
**10.40 Gilmore Girls** *(4:22)*
**11.25 Up All Night** *(10:24)*
**11.50 The Amazing Race**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent**
**14.20 America's Got Talent**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(120:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag og veðurfréttir**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory**
**19.40 New Girl** *(3:24)*
**20.05 Modern Family** *(18:24)*
**20.30 How I Met Your Mother** *(17:24)*
**20.55 Two and a Half Men**
**21.20 White Collar** *(3:16)* Þriðja þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.05 Episodes** *(7:7)* Bráðfyndnir gamanþættir með Matt LeBlanc úr Friends í aðalhlutverki.
**22.35 The Daily Show**
**23.00 Go On** *(11:22)*
**23.25 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(3:8)* Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þáttaröð þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum.
**23.50 Grey's Anatomy**
**00.35 Mad Men** *(10:13)*
**01.20 Rizzoli & Isles**
**02.05 Her Best Move**
**03.45 Modern Family**
**04.05 How I Met Your Mother**
**04.30 White Collar** *(3:16)*
**05.15 Modern Family**
**05.35 Fréttir og Ísland**

## STÖÐ 2 SPORT

*besta sætið*

**07.00 Snæfell - Stjarnan**
**17.30 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir – upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Galatasaray - Real Madrid** Bein útsending.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir – meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.
**21.15 Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Malaga**
**23.05 Meistaradeild Evrópu: Galatasaray - Real Madrid**
**00.55 Þorsteinn J. og gestir – meistaramörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2

*enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Man. City**
**14.45 Chelsea - Sunderland**
**16.25 Reading - Southampton**
**18.05 Premier League Review Show 2012:13**
**19.00 Tottenham - Everton**
**20.40 Liverpool - West Ham**
**22.20 Football League Show 2012**
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 WBA - Arsenal**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Latibær** *(16:18)*
**08.50 Dóra könnuður**
**09.15 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.25 UKI** Flottir
**09.30 Strumparnir**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Tommi og Jenni**
**17.30 Ofurhetjusérsveitin**
**17.55 iCarly** *(26:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(16:24)*
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends** *(16:25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(2:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 The Glee Project**
**20.55 FM 95BLÖ** Skemmtiþáttur með Audda Blö og félögum þar sem við fáum einstakt tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 Hellcats** *(12:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í kappsaman heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.00 Smallville** *(16:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Súpermann á unglingsárum.
**22.40 Game Tíví**
**23.10 The Glee Project**
**23.55 FM 95BLÖ**
**00.15 Hellcats** *(12:22)*
**00.55 Smallville** *(16:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(7:175)*
**19.00 Ellen** *(120:170)*
**19.40 Arnar og Ívar á ferð og flugi**
**20.10 Veggfóður**
**20.55 Hotel Babylon** *(5:8)*
**21.50 Footballer's Wives**
**22.40 Arnar og Ívar á ferð og flugi**
**23.05 Veggfóður**
**23.50 Hotel Babylon** *(5:8)*
**00.45 Footballer's Wives**
**01.40 Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Parenthood** *(1:16)*
**16.45 Dynasty** *(12:22)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Family Guy** *(14:16)*
**18.40 Parks & Recreation** *(22:22)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(30:48)*
**19.30 Everybody Loves Raymond**
**19.55 Will & Grace** *(8:24)*
**20.20 Design Star** *(2:10)* Þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
**21.10 The Good Wife** *(18:22)* Vinsælir bandarískir verðlaunaþættir um góðu eiginkonuna Alicia Florrick.
**22.00 Elementary** *(14:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes.
**22.45 Hawaii Five-O** *(7:24)*
**23.35 CSI** *(14:22)*
**00.25 Beauty and the Beast** *(8:22)*
**01.10 Excused**
**01.35 The Good Wife** *(18:22)*
**02.25 Elementary** *(14:24)*
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Valero Texas Open **2013 10.00** Golfing World **10.50** The Memorial Tournament **2012 13.40** Valero Texas Open **2013** *(2:4)* **16.40** LPGA Highlights *(3:20)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(14:45)* **19.45** Northern Trust Open **2012** *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1970 23**.50 ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Framboðsþáttur **21.30** Framboðsþáttur

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


SÝNINGAR ERU HAFNAR Í HÖRPU

LADDI LENGIR LÍFIÐ

EINLEIKIN GAMANSEMI EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

#laddilengirlifid

VORUM AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI SÝNINGUM!

SENA.IS/LADDI

Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena




# HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM

## VERIÐ VELKOMIN Á GRJÓTHÁLSINN




Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. **Nýjasta skoðunarstöðin okkar er að Grjóthálsi 10**. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

**Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Aðalskoðun

**Reykjavík**
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

**Reykjanesbær**
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

**www.adalskodun.is** og **www.adal.is**

HVÍTA HÚSIÐ/SIA – 13-0467

## BÓKIN



**„Ég er að klára þriðju bókina af His Dark Materials eftir Philip Pullman. Þetta er algjörlega frábær trílógía. Örugglega það besta sem ég hef lesið síðan Lord of the Rings.“**

Sigga Björg Sigurðardóttir listakona.

# Dóttirin Franziska Una í einu hlutverkanna

Leikstjórinn Dagur Kári Pétursson er í óða önn að taka upp nýjustu mynd sína hér á Íslandi.

„Þetta hefur gengið mjög vel og við stefnum á að klára í vikunni,“ segir leikstjórinn Dagur Kári Pétursson, sem þessa dagana er að ljúka tökum á nýrri mynd hér á landi.

Myndin ber vinnuheitið Fleygur en það er Baltasar Kormákur sem framleiðir myndina. Með aðalhlutverk fer Gunnar Jónsson, ásamt þeim Sigurjóni Kjartanssyni, Ilmi Kristjánsdóttur, Arnari Jónssyni og Margréti Helgu Jóhannsdóttur. Þegar Fréttablaðið náði tali af Degi Kára var hann í langþráðu og dagslöngu fríi frá tökum en þær fara fram víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana. Dagur Kári skrifaði sjálfur handritið að myndinni. „Þetta er svona karakterstúdía. Gunnar leikur Fúsa, fertugan mann sem býr enn þá hjá móður sinni og heldur fast í tengslin við bernskuna. Röð atburða gerir það svo að verkum að hann þarf að stíga út fyrir þægindarammann.“

Í einu hlutverkanna er dóttir Dags Kára, Franziska Una Dagsdóttir, sem er átta ára gömul og að stíga sín fyrstu skref á hvíta tjaldinu. Dagur segir hana hafa staðið sig með prýði í tökunum. „Ég hafði hana í huga í hlutverkið þegar ég skrifaði handritið en hún sótti samt um það eins og aðrir og bar af í prufunum. Það var mjög kósí að hafa hana á tökustað enda er maður oft mikið fjarverandi frá fjölskyldunni þegar maður er í tökum. Hún á framtíðina fyrir sér í þessu eins og mörgu.“ Áætluð frumsýning á myndinni er í lok þess árs. **- áp**



**Á HVÍTA TJALDINU** Franziska Una með föður sínum, Degi Kára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Í TRÚNAÐI EFTIR HÉLÈNE GRÉMILLION

★★★★

„Frönsk verðlaunabók frá því í fyrra sem farið hefur sigurför um heiminn og það verðskuldað ... “
– FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ




„Sterk saga með vel dregnum persónum og sögu sem lifir lengi í huga lesandans.“
– FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR


# Samaris samdi við One Little Indian

Raftríóið bætist í hóp íslenskra flytjenda sem hafa samið við bresku útgáfuna.

Tríóið Samaris hefur samið við breska útgáfufyrirtækið One Little Indian. Samningurinn felur í sér útgáfu á EP-plötum og tveimur stórum plötum með möguleika á þeirri þriðju. Sú fyrsta er væntanleg í haust.

Aðspurð segir klarinettuleikarinn Áslaug Rún Magnúsdóttir að samningurinn hafi verið í nokkurn tíma í bígerð. „Stuttu eftir Iceland Airwaves [síðasta haust] byrjuðum við að fá tölvupóst frá þeim og fórum á skype-fund,“ segir hún. Útsendari fyrirtækisins hafði þá heyrt hljómsveitina spila á veitingastaðnum Laundromat sunnudagseftirmiðdegið og heillast upp úr skónum.

„Þetta er mjög fyndið því við erum búin að gefa út tvær EP-plötur upp á eigin spýtur og nenntum ekki að gera líka stóra plötu sjálf. Við vorum búin að ímynda okkur hvaða plötufyrirtæki við værum til í að vinna með og hugsuðum að það væri gaman að vera hjá One Little Indian í London. Svo kemur bara þessi tölvupóstur,“ segir hún. „Þetta var bara „kúl“ og alveg „meant to be“.“ Samaris hefur einnig samið við útgáfuna 12 Tóna sem mun annast þeirra mál hér á landi.

Upptökur á stóru plötunni eru hafnar og hafa þær farið fram heima hjá Oculus, eða Friðfinni Sigurðssyni. Hann hefur áður aðstoðað Samaris við lagið Stofnar falla. „Það er alveg frábært því hann er fáránlega klár,“ segir Áslaug um upptökustjórn Oculus. Hún segir ekki hafa komið til greina að taka plötuna upp erlendis. „Við erum í skólanum og okkur fannst það algjör óþarfi að fara út. Við þurfum ekkert stórt stúdíó.“



**SAMARIS** Tríóið Samaris hefur gert útgáfusamning við One Little Indian. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Spila á Sónar í Barselóna í sumar

Samaris er skipuð Áslaugu Rún Magnúsdóttur klarinettuleikara, Jófríði Ákadóttur söngkonu og tölvumanninum Þórði Kára Steinþórssyni. Hljómsveitin sigraði í Músíktilraunum árið 2011 og hefur síðan þá gefið sjálf út EP-plöturnar Hljómar þú og Stofnar falla. Hún hefur verið bókuð á Sónarhátíðina í Barselóna í sumar.

Með samningnum við One Little Indian bætist rafpoppsveitin Samaris í hóp með Björk, Ólöfu Arnalds og Ásgeiri Trausta sem öll eru þar á samningi. „Þetta er bara flottur hópur. Við hittum hann [útsendara One Little Indian] um jólin og þá var hann að koma með punkta um Sykurmolana og Björk til að reyna að veiða okkur meira og það virkaði alveg.“

Áslaug Rún er nýútskrifuð úr MH og er núna í tónlistarnámi í Reykjavík. Hún á ekki von á því að hætta í skóla til að einbeita sér að tónlistinni. „Þetta verkefni byrjaði sem djók og vatt miklu meira upp á sig en það átti að gera, sem er bara jákvætt. Jófríður er í annarri hljómsveit [Pascal Pinon] og við erum báðar í tónlistarnámi, þannig að ég veit ekki hversu mikið við erum að fara að hætta í skóla.“

freyr@frettabladid.is

# Syngja þekkt söngleikjalög

Tónleikaröðinni Lífið er Söngleikur lýkur á föstudag. Þekkt sönglög tekin fyrir.

„Við erum öll með frekar svipaðan smekk og yfirleitt sammála um hvaða lög eigi að taka. Það fá allir að velja sín sólólög sjálfir og svo veljum við hóplögin út frá því sem við teljum að áhorfendur vilji heyra,“ segir Sigríður Eyrún Friðriksdóttir söngkona. Hún stendur fyrir tónleikaröðinni Ef lífið væri söngleikur ásamt Bjarna Snæbjörnssyni, Margréti Eiri og Orra Hugin Ágústssyni. Lokatónleikar tónleikaraðarinnar verða í Salnum á föstudag.

Sigríður Eyrún stundaði nám við söngleikjadeild Guildford School of Acting í Bretlandi og nam einnig hjá Elaine Overholt, söngkonu og einum þekktasta raddþjálfara Bandaríkjanna. „Ég byrjaði ung í söngnámi og fór svo í leiklist í menntó og áttaði mig á því að ég vildi sinna bæði söng- og leiklistinni. Söngleikjanámið sameinaði bæði áhugamálin.“

Sigríður Eyrún og Bjarni hafa unnið mikið saman í gegnum tíðina og koma meðal annars fram sem dúettinn Viggó og Víóletta. „Við unnum saman öll fjögur við uppsetningu Vesalinganna í fyrra og þegar því lauk vildum við halda samstarfinu áfram og úr varð þessi tónleikaröð,“ útskýrir hún.

Hópurinn tekur lög úr söngleikjunum á borð við Rocky Horror, Jesus Christ Superstar, Litlu hryllingsbúðina, Avenue Q, Wicked og Spring Awakening. „Við tökum mikið af lögum úr Hárinu og Rocky Horror en einnig úr nýjum söngleikjum á borð við The Book of Mormon, sem er eftir höfunda South Park-þáttanna, og Ragtime.“ **- sm**



**SÖNGLEIKJAAÐDÁENDUR** Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Margrét Eir og Orri Huginn Ágústsson syngja þekkt söngleikjalög í Salnum á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Velkomin á
# Vorráðstefnu
# Advania í Hofi
## Akureyri

**SKRÁNING Í FULLUM GANGI**

# Opin og ókeypis ráðstefna um upplýsingatækni 12. apríl kl. 13.

Við bjóðum til spennandi Vorráðstefnu um nýjustu strauma og stefnur í upplýsingatækni. Dagskráin er fjölbreytt þar sem við fjöllum m.a. um afgreiðslulausnir, viðskipta- og öryggislausnir, tölvurekstur, tölvubúnað og vefhönnun. Fjöldi gestafyrirlesara stíga á stokk með fróðlegt efni, en ráðstefnunni lýkur með léttum veitingum, ljúfum tónum og notalegum félagsskap.

**Skráning á advania.is/vorradstefna**

## DAGSKRÁ

**13.00** **Advania býður góðan dag**
Gestur G. Gestsson

**13.05** **Skalanleg hönnun gjörbyltir vefhönnun**
Ólafur Sverrir Kjartansson

**13.20** **Viðskiptagreind er gagnlegt fyrirbæri við allra hæfi**
Ragnar Már Magnússon

**13.35** **Hentugar leiðbeiningar við val á viðskiptakerfum**
Gunnar Ingimundarson

**13.50** **Innleiðing skjalakerfis hjá Icelandair Group**
Svala Rún Sigurðardóttir frá Icelandair

**14.05** **HLÉ**

**14.25** **Græjuhorn vorráðstefnunnar**
Páll Marcher Egonsson

**14.40** **Svölu græjurnar notaðar í vinnunni líka (BYOD)**
Bjarki Traustason

**14.55** **Stórum upplýsingakerfum stýrt með litla putta**
Steindór Arnar Jónsson

**15.10** **Framtíðarsýn í afgreiðslulausnum og sjálfsafgreiðslu**
Ívar Logi Sigurbergsson

**15.25** **Að spara tíma og peninga með skráningarlausnum**
Oddur Carl Thorarensen

**15.40** **HLÉ**

**16.00** **Norðurorka og upplýsingatækni**
Helgi Jóhannesson frá Norðurorku

**16.15** **Örugg upplýsingakerfi frá fyrstu skóflustungu**
Tryggvi R. Jónsson

**16.35** **Fjarskiptaheimurinn og þróun hans frá sjónarhóli Vodafone**
Kjartan Briem frá Vodafone

**16.55** **Tímastjórnun og betri fundamenning**
Hólmar Svansson frá Capacent

**17.15** **Innleiðing á sjónrænni stjórnun í Landsbankanum**
Inga Á. Karlsdóttir frá Landsbankanum

**17.35** **Lokahóf Vorráðstefnu Advania 2013**
Töfrandi tónar og ljúfar veitingar við allra hæfi

advania
Welcome to IT

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frímanni sýnd samúð

Frímann Gunnarsson, sem stýrði þættinum Sigtinu sem sýndur var á Skjá einum árið 2006, var yfirlýstur aðdáandi Margrétar Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Í kjölfar fregna af andláti lafði Thatcher hafa ýmsir vottað Frímanni samúð sína í gegnum samskiptaforritið Facebook, þeirra á meðal eru Hildur Lilliendahl Viggósdóttir og **Margrét Erla Maack** fjölmiðlakona. **- sm**



### Forfallin í Kyrrahafinu

Eftir hringiðu Geirfinns- og Guðmundarmálsins endaði **Erla Bolladóttir** sem eiturlyfjasjúklingur í Kyrrahafinu áður en hún varð fyrir trúarlegri reynslu sem breytti lífi hennar. Þetta mun vera meðal þess sem fram kemur í næsta þætti af Sjálfstæðu fólki. Þar ræðir Jón Ársæll Þórðarson við Erlu, sem nú stýrir Alþjóðasetrinu og kært hefur lögreglumann í Geirfinnsmálinu fyrir nauðgun. **- gar**



### Mest lesið vísir

1 „Finnst kennitalan ónýt og ekki hjálpar til hvað ég er feit“
2 Líffræðingar rannsaka undarlegan laumufarþega
3 Milljónir dauðsfalla má rekja til saltneyslu
4 Samfélag samkynhneigðra fylgist með Jóhönnu og Jónínu
5 Fiskikóngur vonar að hafmeyjan fái frið




